



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvæn prentsmiðja

GUDJÓNÓ

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 30. apríl 2008 – 18. tölublað – 4. árgangur

Veffang: [visir.is](#) Sími: 512 5000 **visir**

Kallað á inngrip stjórnvalda
Ráða ekki við lausafjár-kreppuna



Erlend innlán
IceSave í evrum



Einleikur
Virði mælt í bílum



14



SVEINN BJÖRNSSON Forstjóri Novator Properties.

Flestar eignir erlendis

Samson Properties, fasteignafélag í eigu Björgólfsfeoga, hefur gengið inn í nýtt félag, Novator Properties. Feðgarnir eiga 70 prósent í félaginu en afgangurinn er í eigu innlendra og erlendra fjárfesta, að því er fram kemur í tilkynningu.

Megnið af eignum félagsins, eða 80 prósent, er erlendis, en helstu eignir eru í Danmörku, Finnlandi, Búlgaríu og Króatíu.

Þá er fimmtungur eignanna hérlendis, en Samsom Properties verður dótturfélag Novator Properties og sér um eignirnar hér. Félagið vinnur að tveimur þróunarverkefnum hér; uppbyggingu Listaháskóla Íslands í miðbæ Reykjavíkur, auk verslunar- og þjónustukjarna ofarlega á Laugavegi.

Gengi DeCode snarhækkaði

Gengi bréfa í DeCode Genetics rauk upp um tæp 17 prósent í Bandaríkjunum í byrjun vikunnar eftir tilkynningu sem félagið sendi frá sér um helgina.

Í tilkynningu félagsins kemur fram að vísindamenn þar á bæ hafi enn tengt ákveðin gen við brjóstakrabbamein. Fyrirtækið ætlar á næsta hálfu árinu framleiða próf sem greinir hvort konur bera þessi gen og önnur sem þegar hafa verið tengd sjúkdómnum.

FRÉTTIR VIKUNNAR

Nýr forstjóri | Guðjón Karl Reynisson, fyrrum framkvæmdastjóri 10-11, hefur verið ráðinn forstjóri bresku leikfangakeðjunnar Hamley's. Hann tekur í byrjun maí við starfinu af Nick Mather.

Samstarf í loftinu | Icelandair og Finnair sömdu í síðustu viku um samstarf félaganna tveggja á flugleiðunum milli Íslands og Helsinki og á milli Helsinki og Varsjár í Póllandi. Icelandair flýgur milli Íslands og Helsinki, en Finnair annast flug til Varsjár.



Ofarlega á lista | Björgólfur Thor Björgólfsson er í 29. sæti á lista sem Sunday Times birti um helgina yfir rikustu menn Bretlands. Eignir Björgólfs Thors eru í blaðinu metnar á 2,07 milljarða punda eða um 300 milljarða íslenskra króna. Í fyrra var Björgólfur í 23. sæti.

Ídyfur innkallaðar | Bakka-vör Group kallaði í lok síðustu viku inn í varúðarskyni tvær tegundir af hummus-ídyfum í Bretlandi. Salmonella hafði fundist í sýni við reglubundið innra eftirlit. Félagið sagði mikla áherslu lagða á öryggis- og gæðamál hjá félaginu, sem átt hafi frumkvæðið að innkölluninni.

Mosaic tapaði í fyrra | Tap Mosaic Fashions hf. á nýafstöðnu rekstrarári nemur 16,3 milljónum punda (tæplega 2,4 milljörðum króna) eftir skatta. Engu að síður jókst sala um 49 prósent. Árið áður hagnaðist félagið um 10,7 milljónir punda. Tapið skýrist af niðurgreiðslum lána og afskriftum á viðskiptavild vegna kaupa á Rubicon Retail.

Ráða ekki við að byggja á lóðunum

Mörg dæmi eru um að lóðum hafi verið skilað aftur eftir úthlutun. Þetta á meðal annars við í Hafnarfirði og Reykjavík. Hermt er að fólk ráði ekki við kostnaðinn.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Í flestum tilvikum er það svo að fólk nær ekki að fjármagna lóðakaupin. Bankarnir eru ekki tilbúnir að lána nema á mun lakari kjörum en áður. Þetta er meginskýringin,“ segir Hrólfur Jónsson, yfirmaður framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Um 25 lóðum borgarinnar við rætur Úlfarsfells hefur verið skilað til borgarinnar. Hver lóð kostar nokkrar milljónir króna.

Um fimmtán prósentum lóða sem Hafnarfjarðarbær úthlutaði á Völlunum fyrir skömmu hefur einnig verið skilað til bæjarins. Þar er komið að gjalddaga og fólk ræður ekki við kaupin. Allt eru þetta einbýlishúsalóðir. Lóðum í Kópavogi mun einnig hafa verið skilað.

Íbúðahverfi eru einnig í byggingu í Mosfellsbæ. Þar hafa einkaaðilar séð um skipulag og undirbúning hverfa í Helgafellssandi og í Leirvogstungu. Þar hefur hægt mjög á lóðasölu.

Bjarni Guðmundsson, sem skipuleggur Leirvogss-

tunguland, segir að fólk sem þar fékk lóðir hafi verið heppið gagnvart bönkunum. „En því er ekki að neita að róðurinn verður þungur hjá þeim sem eru að fara af stað í dag,“ bætir Bjarni við.

Fáum sögum fer af því að lóðum hafi verið skilað í Mosfellsbæ, en eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur fólk gengið úr skaftinu með lóðakaup á síðustu stundu, þar sem bankinn hefur haldið að sér höndum. Þetta vilja menn þó ekki segja upphátt.

Lánakjör hafa farið versnandi undanfarna mánuði, auk þess sem byggingarkostnaður hefur einnig hækkað mikið.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skipulagshagfræðingur telur að nú séu til allt að átján mánaða birgðir af íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Hann telur mikilvægt að þeir sem stundi byggingar dragi hratt saman seglin. „Sá samdráttur þarf að bitna fyrst og fremst á erlendum starfsmanna-leigum því ef það myndast atvinnuleysi í landinu við núverandi aðstæður getur það haft mjög miklar og alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið, ekki hvað síst bankana.“

Sjá síður 8 og 9

Kaupa helmingshlut í SecurStore

Bjarni Ármannsson og Örn Gunnarsson hafa til jafns keypt helmingshlut í tölvufyrirtækinu SecurStore á Akranesi. Kaupverð er ekki gefið upp, en áætluð velta SecurStore á þessu ári nemur 200 milljónum króna.

Fyrirtækið hefur sótt fram í Bretlandi með öryggisafritunarþjónustu yfir netið, en þar segja forsvarsmenn SecurStore vöxt hafa numið 100 prósentum á ári. Markmið SecurStore er sagt vera að verða innan þriggja ára eitt af þremur stærstu fyrir-

tækjum á sínu sviði.

Örn lætur af störfum sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaraðgjafar Sögu Capital og tekur við starfi framkvæmdastjóra SecurStore. Bjarni Ármannsson verður stjórnarformaður SecurStore.

Alexander Eiríksson lætur af starfi framkvæmdastjóra SecurStore en tekur við stjórn sölu- og markaðsmála. Hann hefur hefur með bróður sínum Eiríki Eiríkssyni, sem er fjármála- og rekstrarstjóri, leitt uppbyggingu

fyrirtækisins undanfarin ár. Þeir bræður stofnuðu fyrirtækið árið 1991. Árið 2004 var svo tekin stefnumótandi ákvörðun um að sérhæfa sig í afritun gagna yfir netið og SecurStore afritunarþjónustan sett á laggirnar.

Bjarni Ármannsson segir SecurStore spennandi fjárfestingu þar sem stofnendur og starfsmenn hafi unnið „frábært starf í að byggja grunn félagsins með þeim hætti að innviðirnir þoli hraðan vöxt og sókn á kröfuhörðum markaði“. - óká / Sjá síðu 12

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK
14,9%*

GBP
5,4%*

DKK
4,3%*

USD
2,7%*

EUR
3,8%*

CAD
3,7%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóslýsingar og útdráttar úr útbóslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (act/360) frá 3. mars - 1. apríl 2008.

GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|-----------------|-------|--------------|
| Atorka | -0,5% | -25,8% |
| Bakkavör | -1,6% | -28,4% |
| Exista | 3,5% | -37,0% |
| FL Group | -1,5% | -55,5% |
| Glitnir | 0,6% | -23,5% |
| Eimskipafélagið | -3,0% | -35,7% |
| Icelandair | -4,6% | -17,1% |
| Kaupþing | 1,3% | -3,3% |
| Landsbankinn | -0,3% | -12,7% |
| Marel | 0,8% | -11,4% |
| SPRON | -0,6% | -43,2% |
| Straumur | 7,3% | -13,1% |
| Teymi | -6,2% | -36,7% |
| Össur | 9,2% | 0,9% |

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Nokkur fækkun í bönkunum frá áramótum

„Það hafa um 150 manns hætt í bönkunum frá áramótum og um helmingi þeirra hefur verið sagt upp,“ segir Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Hann segir nokkuð um að fólk hafi farið á eftirlaun, auk þess sem fólk hafi verið ráðið tímabundið, en ráðningartíminn síðan runnið út. Hins vegar hafi engar holskeflur orðið í uppsögnum á fólki í bankakerfinu. „Við fréttum af öllum þessum uppsögnum, en ef fjölðaupsagnir verða ber fyrirtækjum skylda til að gera okkur viðvart, sem og Vinnu-málastofnun,“ segir Friðbert.



ÚR BANKANUM Bankastarfsmönnum hefur fækkað nokkuð það sem af er ári.

Hann bætir við að dæmi séu um að fólk fái góð starfslokakjör eða fari beint í nám eftir að hafa hætt hjá fjármálafyrirtækjum. „Það kemur lítið inn á borð til okkar.“

Bankarnir eru flestir af þeirri stærð að fjölðaupsögn er skilgreind sem þrjátíu manns eða fleiri.

Frést hefur af því að lítið sé ráðið inn í bankana. Friðbert segist hafa tekið eftir því að Landsbankinn og SPRON hafi auglýst eftir fólki. „En ég hef ekki tekið eftir því að Glitnir eða Kaupþing auglýsi eftir starfsfólki.“

Þá bætir Friðbert því við að mun færri verði ráðnir til sumarstarfa í bönkunum en undanfarin ár. „Þeir hafa verið duglegir við að taka inn sumarfólk, en nú heyrir maður að erfiðara sé að komast inn en áður.“

Um 5.500 manns eru í samtökunum en auk þeirra má ætla að um þúsund til viðbótar starfi við fjármálaþjónustu. - ikh

Hagnast um 490 milljónir

Össur hf. hagnaðist um 6,7 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmar 490 milljónir króna, á fyrsta ársfjórðungi. Félagið birti uppgjör í gær.

Viðsnúningur frá fyrra ári er allnokkur þegar félagið tapaði 2,7 milljónum dala.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, er að vonum ánægður með uppgjörið og kveður vöxt góðan hjá fyrirtækinu, bæði í Evrópu og Asíu, en undir væntingum í Bandaríkjunum, þar sem hann segir að þegar hafi verið gripið til aðgerða til úrbóta. - óká

Vilja fresta gildistökunni

Landsamband lífeyrissjóða vill fresta gildistöku frumvarps sem heimilar þeim að lána allt að fjórðung eigna sinna.

Landsambandið segir í umsögn til efnahags- og skattanefndar Alþingis að ástand á verðbréfa-mörkuðum kalli á frestun, auk þess sem sjóðirnir þurfi svigrúm til að undirbúa breytinguna.

Að óbreyttu tekur gildi í vor frumvarp fjármálaráðherra, sem meðal annars veitir lífeyrissjóðum heimild til að lána verðbréf sín til fjárfesta í eitt ár eða lengur, gegn tryggingum og þóknun. Þeir sem fá lánað geta síðan selt bréfin, hluta- eða skuldabréf, og grætt með því að kaupa þau aftur á lægra verði.

Landsamband lífeyrissjóða segir í umsögninni að það mæli með samþykkt frumvarpsins.

Ógmundur Jónasson, formaður BSRB, hefur varað við þessu, þar sem menn fái bréf sjóðanna að láni, í því skyni að rýra eign landsmanna í lífeyrissjóðum.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri



ÚR VERÐBRÉFAEILDINN Landssamband lífeyrissjóða vill fresta gildistöku frumvarps sem heimilar þeim að lána verðbréf sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjármálaeftirlitsins, segir í viðtali við Viðskiptablaðið að hann vilji kanna hvort setja eigi ramma um skortstöðu, meðal annars þannig að fyrir liggi hverjir það séu sem slíkt gera. Jónas vill ræða þessi mál við Kauphöllina og Samtök fjármálafyrirtækja.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa lífeyrissjóðirnir einnig áhuga á að ræða þessi mál.

- ikh

Tapa tveimur milljörðum

Bakkavör Group tapaði 12,8 milljónum punda (tæpum 1,9 milljörðum króna) á fyrsta ársfjórðungi 2008. Á sama tíma í fyrra nam hagnaður fyrirtækisins 9,9 milljónum punda.

Greining Glitis segir að tap fyrirtækisins megi rekja til 15,8 milljóna punda gjaldfærslu vegna virðisbreytingar á skiptasamningi um hluti í írsku matvælfyrirtækinu Greencore Group. „Eignarhlutur Bakkavarar í Greencore nemur 10,9 prósentum en hlutabréf í írsku félaginu hafa lækkað um 19,5 prósent frá áramótum,“ segir Glitnir og kveður gjaldfærsluna hafa komið nokkuð á óvart.

Í greiningunni kemur fram að uppgjörið beri þess nokkur merki að fyrirtækið hafi staðið í ströngu á fjórðungnum, auk þess sem aðstæður hafi verið erfiðar, með auknum hráefniskostnaði og hækkandi orkuverði. Þá hafi Bakkavör keypt þrjú matvælfyrirtæki á tímabilinu, bandaríska félagið Two chefs on a roll, kínverska ávaxta- og grænmetisframleiðandann Yantai Longshun og matvæla- og drykkjarvöruframleiðandinn Gastro Primo í Hong Kong við. Þá kynnti fyrirtækið kaup á ítalska fyrirtækinu Italpizza þegar fjórðungsuppgjörið var kynnt. Velta Italpizza nam 4,9 milljörðum króna í fyrra. - óká

Vinna hafin að innleiðingu evrunnar

Fulltrúar Seðlabanka Finnlands funduðu með bönkum hér í apríl. Þeir undirbúa að annast uppgjör evruhlutabréfa. Viðskipti með evruhlutabréf hefjast líklega í haust.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Við vinnum í þessu með Seðlabanka Finnlands og þeir hafa komið hingað í mánuðinum og fundað með bönkunum,“ segir Einar Sigurjónsson, forstjóri Nasdaq/OMX Verðbréfaskráningar Íslands. „Ferlið er farið í gang og kauphallaraðilar þurfa að standa klárir á að sækja um hjá bankanum fyrir lok maí, og upp úr því verður hægt að fara í innleiðingu og prófanir.“

Einar segist gera ráð fyrir að hægt verði að hefja viðskipti með hlutabréf í evrum í haust. „Sjálfsagt verður það samt aldrei fyrr en á síðasta ársfjórðungi, því allt tekur þetta sinn tíma.“

Upphaflega áttu viðskipti með hlutabréf í evrum að hefjast 20. september í fyrra með umskráningu bréfa Straums-Burðaráss í þá mynd. Viku fyrir þann tíma gerði Seðlabanki Íslands hins vegar athugasemdir við fyrir-

komulagið og taldi lagastoð vanta til þess að lokauppgjör hvers dags færi í gegn um storgreiðslukerfi annars banka en Seðlabanka Íslands. Á þessum tíma stóð til að Landsbanki Íslands annaðist uppgjörið til bráðabirgða þar til Seðlabanki Finnlands tæki við á þessu ári. Í Finnlandi vildu menn hafa ráðrúm til að ljúka við að innleiða nýtt storgreiðslukerfi, svokallað Target2-uppgjörskerfi, áður en Kauphöll Íslands bættist við.

„Seðlabanki Finnlands tók Target2-kerfið upp í febrúar og luku þeirri innleiðingu í mars,“ segir Einar og vonar að snurða hlaupi ekki á þróðinn á ný. Seðlabanki Íslands er eftir sem áður umsagnaraðili yfir greiðslukerfum sem hér eru í notkun, enda gætu hnökror í þeim ógnað fjármálastöðugleika. „En þarna förum við í greiðslukerfi Seðlabanka Evrópu og allra seðlabanka sem nota evrur. Ég geri ekki ráð fyrir að miklar athugasemdir verði gerðar við það,“ segir Einar.

Þá er á borði viðskiptanefndar Alþingis frumvarp til breytinga á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa, en þar er tekið á túlkunaratriðum þeim sem Seðlabanki Íslands benti á síðasta haust. Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður og formaður viðskiptanefndar gerir ráð fyrir að frumvarpið verði afgreitt úr nefndinni í næstu viku og fari þá til annarrar umræðu í þinginu. „Við höfum kallað eftir umsögnum, þær hafa skilað sér að mestu og verið jákvæðar,“ segir hann og bætir við að stefnt sé að því að lagabreytingin ná fram að ganga fyrir þinglok. „Ég á ekki von á öðru en að það gerist.“

EVURUSPEGLUN Í KAUPHÖLLINNI

Nú hillir undir að viðskipti með hlutabréf í evrum fái hafist í Kauphöll Íslands með aðkomu finnska seðlabankans að greiðslu- og uppgjörskerfi. Myndin er samsett.



NÚ ERU TÆKIFÆRI Í VERÐTRYGGÐUM SKULDABRÉFUM

Með vaxandi verðbólgu eru verðtryggðir skuldabréfasjóðir góður og traustur fjárfestingakostur. Glitnir býður fjóra slíka sjóði sem fjárfesta bæði í ríkistryggðum sem og öðrum skuldabréfum. Kynntu þér kosti skuldabréfasjóða Glitnis. Hver þeirra hentar þér best?

SJÓÐUR 1

14,4%* MEDALLÖNG SKULDABRÉF

Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 5

14,8%* MEDALLÖNG RÍKISSKULDABRÉF

Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 7

12,7%* LÖNG RÍKISSKULDABRÉF

Fjárfestingatími 2-4 ár

SJÓÐUR 11

12,3%* LÖNG FYRIRTÆKJABRÉF


Fjárfestingatími 2-4 ár

*Árleg nafnvöxtun m.v. sl. 12 mánuði skv. www.sjodir.is. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 1, 5, 7 og 11 eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Glitnir sjóður er rekstrarfélag sjóðanna. Nánari upplýsingar er að finna á www.glitnir.is.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.GLITNIR.IS/SJODIR EÐA HJÁ EIGNASTÝRINGU GLITNIS Í SÍMA 440 4900

GLITNIR

Lyf gegn verðbólgu



Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fólk í fjárfestingar- og sparnaðarhugleiðingum skoði öruggustu kostina þegar kemur að ávöxtun og tryggi sig gegn verðbólgunni. Skuldabréfasjóðir SPRON Verðbréfa eru frábær dæmi um sterka fjárfestingarkosti á verðbólgutímum.

Stuttur skuldabréfasjóður

Stuttur skuldabréfasjóður er blandaður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með stuttan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, traustra fyrirtækja, fjármálastofnana og sveitarfélaga. Sjóðurinn er að stærstum hluta verðtryggður. Litlar sveiflur, traustur fjárfestingarkostur.

Langur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður er blandaður, verðtryggður sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum með langan líftíma. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum fjármálafyrirtækja, traustra fyrirtækja og að lágmarki fjórðung í ríkistryggðum skuldabréfum. Meiri sveiflur, góður fjárfestingarkostur.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

Spá enn frekari verðhækkunum á olíu

OPEC, Samtök olíuframleiðenda, segja að heimsmarkaðsverð á olíu geti farið í 200 Bandaríkjadali á tunnuna áður en það fer að lækka aftur.

Forseti OPEC segir að þetta stafi einkum af lágu gengi dalsins og ekki sé útlit fyrir því að það hækki á næstunni. Verð á tunnuna er nú í kringum 120 dali.

Fari olíuverð á heimsmarkaði upp í 200 dali gæti það þýtt að bensínlítrinn hérlendis myndi kosta um 250 krónur, að því er



NORÐMENN GRÆÐA Á OLÍUNNI

fram kom í fréttum Stöðvar tvö.

En þótt hátt olíuverð sligi bileigendur, landbúnað, flutninga og þá sem þurfa olíu til kyndingar eru sumir sem hagnast

verulega á þessari stöðu mála. Bresku olíufélögin BP og Shell skiluðu samanlagt vel yfir sem nemur þúsund milljörðum króna í hagnað á fyrsta fjórðungi ársins. Talið er að breskur almenningur verði síður en svo ánægður með það.

- ikh

Útlánin Nordea dýr

Sænski bankinn Nordea tilkynnti í gær að hagnaður hefði dregist saman um tvö prósent á fyrsta ársfjórðungi 2008. Tap af lánastarfsemi er meginskýringin sem bankinn gefur upp. Þetta er þó betri niðurstaða en sérfræðingar sem fréttaveita Dow Jones talaði við spáðu.

Hagnaður Nordega reyndist vera 687 milljónir evra, eða um 79 milljarðar íslenskra króna, á fjórðungnum, en var 701 milljón evra á sama tíma í fyrra. Tap vegna útlána nam 21 milljón evra, eða tæplega 2,5 milljörðum króna. Það þýðir í raun

að vaxtatekjur voru minni en vaxtagjöldin. Í fyrra var hagnaður þessa liðar í rekstrinum hins vegar 1,5 milljarðar íslenskra króna. Viðsnúningurinn er því um fjórir milljarðar króna.

Rekstrartekjur Nordea drógust saman um 4,7 prósent í janúar til mars miðað við sama tíma í fyrra. Christian Clausen sagði samt í yfirlýsingu að hann væri sáttur við niðurstöðuna og að rekstur Nordea væri í samræmi við langtíamarkmið.

Exista á hlut í Nordea í gegnum gegnum Sampo.



FORSTJÓRINN HLÆR Uppgjör Nordea var betra en sérfræðingar spáðu.



Hagnaður Betsson undir milljarði

Betsson hagnaðist um 58 milljónir sænskra króna, sem jafngildir um 700 milljónum íslenskra króna, á fyrsta ársfjórðungi 2008. Gert hafði verið ráð fyrir að hagnaðurinn yrði á bilinu 60-65 milljónir sænskra króna.

Nettóhagnaður var 54 milljónir sænskra króna eða 650 milljónir íslenskra króna. Þetta þýðir að hagnaðurinn var 1,36 sænskar krónur á hlut. Nettóvelta fyrirtækisins var 228 milljónir sænskra króna, eða um 2,7 milljarðar, en spáð hafði verið að nettóveltan yrði á bilinu 201 til 210 milljónir sænskar, eða um 2,4 til 2,5 milljarðar íslenskra króna.

Betsson gerir ráð fyrir að net-spil verði vinsælli á næstunni og markaðurinn muni því stækka. Gerir Betsson ráð fyrir því að hlutdeild þeirra á markaðnum verði um 20-30 prósent.

Markaðirnir ráða ekki einir við lausafjarkreppuna

Stjórnarformaður Deutsche Bank kallar eftir inngripi stjórnvalda þar sem markaðir ráði ekki einir við alþjóðlegu lausafjarkreppuna. Hann vill jafnframt að stofnað verði alþjóðlegt fjármálaeftirlit.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Ég trúir því ekki lengur að markaðurinn geti lagað sig sjálfur,“ segir Josef Ackermann, stjórnarformaður Deutsche Bank.

Hann telur brýnt að ríkisstjórnir taki þátt í aðgerðum vegna alþjóðlegrar lausafjarkreppu. Hann minnti fyrir skömmu á aðgerðir til að bjarga Bear Stearns-bankanum í Bandaríkjunum og inngrip bandaríska seðlabankans. Þetta telur hann gott dæmi um hvernig stjórnvöld geti komið að málum. „Við þurfum samræmdar aðgerðir ríkisstjórna, seðlabanka og markaðsaðila til að stöðva þessa bylgju.“

Peer Steinbrück, fjármálaráðherra Þýskalands, sagði á dögnum að þýskur efnahagur treysti á samstarf ríkisstjórnarinnar, seðlabanka og bankastofnana.

Ackerman telur ekki nóg að seðlabankar lækki vexti. Hann segir taugaveiklun á markaði vera orsök núverandi lausafjarkreppu, ekki skort á peningum. „Fjárfestar eru farnir í verkfall.“

Þá lagði Ackerman til að sett yrði á stofn alþjóðlegt fjármálaeftirlit, sem meðal annars fylgdist með því hvort spákaupmennskubólur



SEÐLABANKASTJÓRI EVRÓPU KLÓRAR SÉR Í HAUSNUM Jean-Claude Trichet veltir vöngum yfir stöðu mála. Fjármálaráðherra Þýskalands og stjórnarformaður stærsta banka landsins segja að seðlabanki, stjórnvöld og bankastofnanir verði að taka höndum saman eigi að komast yfir alþjóðlegu fjármálakreppuna. MARKAÐURINN/AP

mynduðust á markaði. „Með bönkum sem starfa á heimsvísu þarf að vera fjármálaeftirlit á sama vettvangi.“

Norbert Walter, aðalhafsfærðingur Deutsche Bank, telur að kreppan sé langt frá því liðin.

„Ég tel að þessum óróa ljúki ekki fyrir lok næsta árs.“

Við uppgjör á fyrsta fjórðungi ársins kom á daginn að Deutsche Bank tapaði 141 milljón evra. Það er ef til vill ekki mikið hjá þessum stærsta banka Þýskalands, en á fyrsta fjórðungi síðasta árs var hagnaðurinn 2,1 milljarður evra, svo fallið er mikið. Þá er þetta í fyrsta sinn frá árinu 2003 sem tap verður á rekstrinum.

Josef Ackermann stjórnarformaður segir í samtali við der Spiegel að fyrsti ársfjórðungur hafi verið sá erfiðasti í bankageiranum í langan tíma. Mars hafi jafnframt reynst erfiðasti mánuðurinn frá því að alþjóðlega lausafjarkreppan, sem á rót sína í bandarískum húsnæðislanum, varð staðreynd.

Fleiri þýskir bankar tapa fé. Bankinn IKB tapaði milljarði evra á fyrri hluta reikningsársins, eftir að aðrir bankar og stjórnvöld björguðu honum í fyrra.

Standard & Poor's segir að gera megi ráð fyrir því að hagnaður þýskra banka minnki um allt að tuttugu prósent að jafnaði í ár. Þá gerir matsfyrirtækið ráð fyrir því að eignir þýskra banka verði færðar niður um tíu til tólf milljarða evra.

OPUSallt



Ópusallt er ein þróaðasta viðskiptalausnin á markaðinum á dag – en byggir á aldafjórðungs reynslu af íslenskum aðstæðum. Ópusallt er öflug lausn fyrir fyrirtæki sem hafa þörf fyrir sveigjanlegt sölu- og birgðakerfi, gott verkþókhald auk allra almennra eiginleika góðrar og reyndrar viðskiptalausnar.

www.opusallt.is/kynning

Ópusallt er einfalt



Samræmt viðmót ...

Samþætting upplýsingakerfa í eitt viðmót

Með portallausnum Nýherja er hægt að samþætta ólík upplýsingakerfi fyrirtækisins og veita aðgang að þeim í einu samræmdu viðmóti. Afraksturinn er einfaldari viðskiptaferlar og skilvirkara upplýsingaflæði innan sem utan fyrirtækisins. Hver notandi hefur sérsniðið viðmót sem veitir aðgang að verkferlum og upplýsingum eftir þörfum hvers og eins. Þetta hefur í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavinum.

“IBM WebSphere Portal myndar grunn að framtíðarvinnuumhverfi starfsmanna Icelandair. Okkur hefur þegar tekist að auka aðgengi starfsfólks að mikilvægum upplýsingum og þannig aukið starfsánægju og skilvirkni í upplýsingaflæði innan fyrirtækisins.”

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.



NÝHERJI



PUND OG EVRUR Íslensku bankarnir bjóða nú upp á innlánsreikninga í mörgum löndum Evrópu, þar sem geymdir eru fjármunir sparifjäreigenda upp á allt að 800 milljarða króna. Reikningum þessum fer fjölgandi dag frá degi og sífellt fleiri lönd bætast við.

Icesave hleypt af stokkum í evrum í næsta mánuði

Innlán einstaklinga hafa í sögulegu samhengi tryggt Landsbanka Íslands stöðugri fjármögnun en lánsfjármarkaðir. Samkeppni um sparifé er hörð, en notendum fjölgar og fjölgar og eru nú 220 þúsund talsins með innlán upp á 6-700 milljarða króna. Sótt er fram á nýjum mörkuðum og með nýjum aðferðum.

Björn Ingi Hrafnsson
skrifar

Gífurlegur vöxtur hefur orðið í innlánnum Landsbankans á erlendum mörkuðum að undanfögnu. Bankastjórnar Landsbankans segja að fjármögnun með innlánnum, sér í lagi innlánnum einstaklinga, hafi í sögulegu samhengi tryggt bankanum stöðugri fjármögnun en lánsfjármarkaðir.

Á aðalfundi Landsbankans í fyrri viku kom fram í máli Halldórs J. Kristjánssonar, bankastjóra Landsbankans, að við núverandi aðstæður skipti höfuðmáli að sýna fram á sterka fjárhagsstöðu og styrkja undirstöður bankans, m.a. með þróun nýrra innlánsleiða.

HEFD FÜRIR MIKLUM INNLÁNUM

Benti Halldór á að Landsbankinn væri með mest innlán á íslenskum bankamarkaði, þ.e. um 30% markaðshlutdeild og það væri því eðlilegt að leitað væri eftir auknum útlánnum erlendis. Stefnt væri að markaðssetningu Icesave-netreiknings í evrum á meginlandi Evrópu á öðrum ársfjórðungi.

Sigurjón Þ. Árnason, annar bankastjóra Landsbankans, vill ekki gefa upp í hvaða Evrópulandi Icesave verður opnaður fyrst, en segir að undirbúningur gangi vel og stefnan sé að í lok árs verði boðið upp á slíka innlánsreikninga í fjórum til fimm Evru-löndum.

„Icesave hefur gengið afskaplega vel og þessari nýjung hefur verið vel tekið af almenningi. Í kjölfarið hafa svo fleiri og fleiri aðilar áttað sig á mikilvægi þess að bjóða upp á góða innlánsreikninga. Það segir sína sögu að við erum nú með fleiri viðskiptamenn í Bretlandi eftir eitt og hálf ár en eftir

120 ár á Íslandi, svo það má segja að árangurinn hafi farið fram úr björtustu vonum,“ bætir Sigurjón við.

GRÍÐARLEGA HÖRD SAMKEPPNI

Í ársskýrslu Landsbankans, sem lögð var fyrir aðalfund bankans í fyrri viku, kom fram að frekari vinna við að stækka og auka fjölbreytni innlánsafnsins.

Þar kom einnig fram, að innlán hafi náð yfir 25% af heildarinnlánnum viðskiptavina í lok árs 2007. Innlán í Bretlandi og á svæðum þar sem hagstætt skattaumhverfi ríkir námu 61% og innlán í Lúxemborg og Amsterdam 14%. Samtals fjármögnuðu innlán einstaklinga 70% af heildarútlánnum á árinu 2007, samanborið við 34% í lok árs 2005.

Sigurjón bendir á, að Icesave, innlána-reikningur Landsbankans í Bretlandi, sem settur var á laggirnar í október 2006, hafi leikið lykilhlutverk í þeirri umbreytingu sem átt hafi sér stað í fjármögnun bankans. Fjöldi stofnaðra Icesave reikninga hafi numið 128.000 í lok árs, en á fyrstu mánuði um þessa árs hafi stöðug aukning orðið í hópi viðskiptavina og heildartalan sé nú komin í 220.000 viðskiptavini, þrátt fyrir mjög harða samkeppni á breskum innlánamarkaði.

Samkvæmt heimildum Markaðarins nema eignir inn á þessum reikningum um 6-700 milljörðum króna.

EINFALDUR OG ÞÆGILEGUR Í NOTKUN

Forsvarsmenn Landsbankans segja að velgengi Icesave megi að stórum hluta þakka háum vöxtum sem viðskiptavinir fá tryggða í ákveðinn tíma og aðferðum sem best þjóna viðskiptavinum. Reikningurinn sé jafnframt einfaldur og þægilegur í notkun.

„Auglýsinga- og kynningarefni hefur átt sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur við uppbyggingu vörumerkisins og áframhaldandi grósku þess þrátt fyrir gríðarlega samkeppni á þessum markaði þegar líða tók á árið. Á fjórða ársfjórðungi var vörúrrvalið aukið en fleiri svokallaðra „easy access“ reikninga hefur nú verið breytt í bundna reikninga,“ segir í ársskýrslu Landsbankans um þessi efni og þar kemur einnig fram, að í árslok hafi 12% af heildarinnlánnum verið á fastvaxta reikningum sem bundnir séu frá sex mánuðum til þriggja ára.

Fram kom í máli Halldór á aðalfundinum, að vel gangi að laða viðskiptavini Icesave yfir í bundin innlán, frá þremur mánuðum til þriggja ára. Þá sé greinilegt að þróunin á breska sparifjármarkaðnum sé sú að dreifa lægri fjárhæðum á fleiri reikninga, væntanlega í því skyni að draga úr áhættu.

SVAR VIÐ ERFIÐLEIKUM

Enginn vafi leikur á að erfiðleikar á lána-mörkuðum hafa hvatt forsvarsmenn bankanna til þess að leita nýrra fjármögnunarleiða. Erlendir matsaðilar höfðu bent á að hlutfall innlána mætti auka og í skýrslu Landsbankans kemur fram að aukið innstreymi innlána hafi orðið til þess að í fyrri hafi dregið verulega úr fjármögnun á lána-mörkuðum.

„Íslenskir bankar munu að sjálfssögðu leita leiða til að auka innlán sín á alþjóðlegum mörkuðum í ljósi þess ástands sem ríkir gagnvart fjármögnun fjármálastofnana í dag. Best er að fá sem flesta sparifjäreigendur í viðskipti með tiltölulega lágar fjárhæðir hverju sinni. Með því dreifist áhættan hvað best,“ segir Sigurjón enn fremur.

Hvað er Icesave?

Landsbankinn kynnti innlánsreikninginn Icesave til sögunnar í Bretlandi í október árið 2006 og má segja að hann hafi þegar slegið í gegn. Leikur þó enginn vafi á að jafnvel bjartsýnustu bankamenn áttu ekki von á þeim fjölda viðskiptavina sem opnað hafa reikning síðan undir þessu nafni. Í fréttatilkynningu þá sagði að um væri að ræða „sérniðna sparnaðarleið fyrir breskan markað sem eingöngu er boðið upp á netinu.“

Icesave varð til í kjölfarið á kaupum Landsbankans á innlána-stofnun í Guernsey. Í Bretlandi hefur samstarfsaðili vegna reikningsins verið Newcastle Building Society, en í reikningum sem nú stendur til að bjóða upp á í evrum, mun bakvinnslan fara fram í höfuðstöðvum Landsbankans í Lúxemborg. Vörumerkið tilheyrir Landsbankanum en reksturinn er í höndum Heritable Bank, dótturfélags Landsbankans í London.

KAUPTHING EDGE Í ÁTTA LÖNDUM

Innlán yfir eitt hundrað milljarðar króna

Kaupthing hleypti nýjum innlánsreikningi af stokkunum á netinu í nóvember sl. og hafa viðtökur verið mjög góðar, að sögn Jónasar Sigurgeirssonar framkvæmdastjóra Samskiptasviðs bankans.

„Kauþthing Edge, sem nú hefur verið opnað í átta löndum, gengur mjög vel,“ segir Jónas. „Ljóst er að þetta form innlána mun verða mikilvæg stöð í framtíðar-fjármögnun bankans. Ánægjulegt er að

sjá að á hverjum degi fáum við fjöldann allan af nýjum viðskiptavinum sem eru nú komnir á annað hundrað þúsund,“ bætir hann við.

Samkvæmt heimildum Markaðarins

eru innlán í Kauþthing Edge-reikningum þegar komin yfir eitt hundrað milljarða íslenskra króna, eða einn milljarð evra. Gert er ráð fyrir að næst verði boðið upp á þennan innlána-kost á eyjunni Mön.



„Hjá PwC fann ég þetta spennandi
alþjóðlega umhverfi“ ...

Áslaug Rós Guðmundsdóttir, nemi í endurskoðun hjá PwC

... „Starfið hjá PwC er ennþá fjölbreyttara en ég þorði að vona. Það kitlar líka metnaðinn að vinna hjá stærstu endurskoðunarkeðju í heimi - með ótal möguleikum á alþjóðlegri reynslu. Þetta er flott fyrirtæki sem býður upp á krefjandi verkefni og öfluga fræðslustefnu. Vinnukúltúrin er mjög manneskjulegur, hér horfa menn fyrst á gæðin, svo á magnið.

Ég er á seinna ári í mastersnámi í reikningshaldi og endurskoðun við HR en vinn á sama tíma fulla vinnu hjá PwC. Það gengur vel að sameina námið og vinnuna. Svo nýtast mér ýmis verkefni í skólanum sem ég er að sinna í vinnunni. Þetta gæti ekki verið betra“.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

FRÁ HELGAFELLSLANDI

Götur malbikaðar og staurar risnir, en fátt um nýbyggingar enn sem komið er. Margar lóðir á svæðinu, og raunar víðar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið seldar, en núna er salan dræm.

MARKAÐURINN/PIJETUR



Tökum þetta bara

Markið var sett hátt með ýmsum byggingarframkvæmdum í jöðrum höfuðborgarsvæðisins á og mörg dæmi eru um að lóðum hafi verið skilað. Ein blokk er svo gott sem risin í Helgason fór um byggingarsvæði í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og sá fáa við störf

Pað hefði sjálfsagt orðið hraðari uppbygging væri ástandið í efnahagsmálunum betra,“ segir Hannes Sigurgeirsson, hjá Helgafellsbyggingum ehf. Fyrirtækið hefur skipulagt og reisir íbúðarhverfi í Helgafellsslandi í Mosfellsbæ, í útjaðri höfuðborgarsvæðisins.

„Það er svolítill lægð í sölu,“ segir Hannes um lóðirnar í hverfinu, en það komi ekki að sök, þar sem menn hafi frekar verið á undan áætlun í sölu en hitt. „Það er ekki stopp, en það er hægara núna.“

Til stendur að reisa yfir eitt þúsund íbúðir, í einbýli, rað-, par- og fjölbýlishúsum í hverfinu, í nokkrum áföngum.

BLIKUR Á LOFTI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Ástandið í húsbyggingum og á fasteignamarkaði þykir ekki gott. Fram hefur komið að stórlega hefur dregið úr veltu á fasteignamarkaði. Spáð er mikilli lækkun fasteignaverðs næstu mánuðum og vextir eru þeir hæstu sem verið hafa í mörg ár.

Steypustöðin Mest, sem hefur höfuðstöðvar í Hafnarfirði en selur steypu á öllu höfuðborgarsvæðinu, hefur gripið til fjöldauppsagna og segir upp þrjátíu starfsmönnum nú um mánaðamótin.

Á undanförunum mánuðum hefur nokkrum tugum starfsmanna þegar verið sagt upp, sem rekja má til samdráttar í byggingariðnaðinum.

Forstjóri Mest segir að nánast sé ómöglegt að fá skammtímafjármagn hjá lánastofnunum til að létta róðurinn. Hlutfjártaukning dugi ekki til.

Þá hafa þegar heyrst fréttir af því að erlendum starfsmönnum verktaka hafi verið sagt upp í stórum hópum. Þá segist Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs Samtaka iðnadares, gera ráð fyrir fjöldauppsögnum í byggingariðnaði, komi fé ekki inn á fasteignamarkaðinn fljótlega. Ástandið hafi ekki verið verra á þessu sviði í meira en áratug.

„Vöxtur og viðgangur þessarar atvinnugreinar er því ekkert einkamál þeirra sem þar starfa,“ segir Árni. Hann segist ekki gera sér grein fyrir hvenær þessar uppsagnir verði eða hve margir missi vinnuna. „Næsta haust verður mjög erfitt,“ segir Árni og bætir við að vonandi hafi framkvæmdir við álver í Helguvík jákvæð áhrif.

VIKA Í SENN

Í Helgafellsslandinu er nóg að gera við einu stóru húsbygginguna á svæðinu. Þar reisir fyrirtækið Pálmatré íbúðarblokk með 24 íbúðum. Blokkin hefur verið steypd upp að megninu til. Pálmi Pálsson, eigandi fyrirtækisins, segir að íbúðir þar verði tilbúnar til afhendingar með haustinu.

Mikið er nú rætt um að bankar haldi að sér höndum gagnvart verktökum. Jafnvel stöndugir verktakar fái ekki lán fyrir framhaldi á verkum sem þegar séu hafin. Hvernig er staðan hjá Pálma? „Við tökum þetta bara með

ró, viku fyrir viku,“ segir hann og bætir því við að eins og er sé lítið um aðrar byggingarframkvæmdir í Helgafellsslandinu. „Það er lítið farið í gang.“

Það staðreyndi blaðamaður sem fór um svæðið í upphafi vikunnar. Götur hafa verið malbikaðar, grunnar grafnir og lagnir lagðar, en fátt annað risið en blokkin eina, auk þess sem Mosfellsbær hefur látið reisa nokkrar bráðabirgðaskólastofur á svæðinu. Það er timburhús. Hannes Sigurgeirsson tekur fram að öll svæði þar sem lóðir hafa farið í sölu séu tilbúin.

ERFITT HJÁ ÞEIM SEM BYRJA NÚNA

„Ég er búinn að selja nánast allar lóðir og hverfið er nánast tilbúið,“ segir Bjarni Guðmundsson, sem stendur fyrir byggingu íbúðarhverfis í Leirvogstungulandi í Mosfellsbæ, milli Köldukvíslar og Leirvogsár. Þar verða reistar yfir 400 íbúðir.

„Við höfum selt fjórar af hverjum fimm lóðum á um það bil einu og hálfu ári,“ segir Bjarni. Fólkið sem keypti í Leirvogstungu hafi komið inn á góðum tíma, gagnvart bönkunum. „En því er ekki að neita að róðurinn verður þungur hjá þeim sem eru að fara af stað í dag,“ bætir Bjarni við.

Hann kannast lítt við að nokkur hafi lent í vandræðum með húsbyggingar í Leirvogstungu. „Þetta eru kannski nokkur hús sem maður hefur séð að menn hafi frestað, en yfirleitt er þetta ekki neitt mál,“ segir Bjarni og bendir á að flestir sem þar standi í byggingum séu einstaklingar.

Vöxtur og viðgangur þessarar atvinnugreinar er því ekkert einkamál þeirra sem þar starfa ... Næsta haust verður mjög erfitt ... vonandi hafa framkvæmdir við álver í Helguvík jákvæð áhrif.




FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY



Husqvarna Construction Products STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR



K750



K2500



K3600



HP 40
bensín glussadæla



DM 230



FS 40



Steinsagarblöð og kjarnaborar



Árni Kristjánsson útskrifast úr Fræðum og framkvæmdum í maí og ætlar að taka stefnuna á leikstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Nýsköpun í vændum

Árni Kristjánsson tilheyrir fyrsta útskriftarhópnum úr Fræðum og framkvæmdum sem útskrifast frá Listaháskóla Íslands í næsta mánuði.

Árni hefur varið síðustu þremur árum í að segja vinum og vanda mönnum um hvað námið snýst og á hann því ekki í nokkrum vandæðum með að útskýra það fyrir blaðamanni.

„Þetta er nám fyrir fólk sem vill rannsaka leiklist í víðu samhengi, þróa hugmyndir sínar í kringum leiklist og hrinda þeim í framkvæmd,“ segir Árni og heldur áfram: „Það má líkja þessu við grunnnám í arkitektúr. Þar lærir nemandinn mikið um hús en ákveður síðan í framhaldsnáminu hvort hann vilji verða innanhúss- eða landslagsarkitekt. Í Fræðum og framkvæmdum lærum við mikið um leiklist en getum síðan sérhæft okkur með því að fara í MA-nám í leikstjórn, leikritun eða leiklistarfræði.“

Árni hefur tekið stefnuna á leikstjórn og hyggur á nám erlendis. Hann ætlar þó fyrst um sinn að verða sér úti um reynslu hér heima.

Þann 10. til 18. maí verða loka- verkefni nemenda sýnd og leikstýrir Árni sviðsetningu á Glæp og refsingu eftir Dostojevskí. Nemendur úr leiklistardeild skólans leika og er tónlistin í höndum nemanda úr tónsmíðadeild.

„Þetta samstarf á milli deilda er að mínu mati styrkleiki skólans,“ segir Árni, sem á von á því að mikil nýsköpun muni eiga sér stað nú þegar fyrstu árgangarnir fara að útskrifast. „Markaðurinn hér heima er ekki svo ýkja stór en í náminu er okkur kennt að finna leiðir til að koma hugmyndum í framkvæmd og skapa þannig spennandi verkefni,“ segir Árni og bendir áhugasömum á heimasíðu listaháskólans www.lhi.is til að nálgast upplýsingar um útskrifarverkefni nemenda. -ve



Andrúmsloftið í Kennaraháskóla Íslands er þægilegt og rólegt að sögn Egils.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Persónulegur skóli

Egill Þorsteinsson kennaranemi útskrifast úr Kennaraháskóla Íslands núna í vor. „Ég taldi þetta vera góðan skóla og hafði nú ákveðið að verða kennari eftir að hafa prófað að kenna fyrir austan á Seyðisfirði. Svo er maður í kennarafjölskyldu. Pabbi er kennari og skólalastjóri og afi minn var einnig skólalastjóri. Því má segja að leiðin hafi legið alla tíð í Kennaraháskólann,“ segir Egill.

„Námið í Kennaraháskólanum er mjög gott og hagnýtt þegar til framtíðar er litið. Kennaranámið er góður grunnur ef lengra á að ganga menntaveginum. Ég stefni á að kenna strax í haust og hef ráðið mig sem umsjónarkennari í Ísaks-skóla en það er aldrei að vita nema

ég skelli mér í frekara nám eftir nokkur ár,“ útskýrir hann.

Að sögn Egils eru nokkrir hlutir sem hafa staðið hafa upp úr og komið honum á óvart. „Ég er á stærðfræði-kjörsviði og þar eru margir skemmtilegir hlutir að gerast. Það er til dæmis komin skemmtileg nálgun í stærðfræðinni, sem mun bæta stærðfræðikennslu til muna.

Annað sem kom á óvart er hversu mannlegt námið er. Náið samband er á milli kennara og nemenda en maður ténist ekkert í fjöldanum. Mig hafði grunað að ég yrði einhvers staðar einn úti í horni að læra en svo hefur ekki verið og það tel ég vera helsta kostinn við Kennaraháskólann.“ -mmr

Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Mikil gróska er í Háskóla Íslands en deildum hefur fjölgað og möguleikar á námi eru fjölbreyttir.

„Það er gríðarlega mikið að gerast í Háskóla Íslands. Skólinn er að sameinast Kennaraháskóla Íslands og á sama tíma er verið að endurskoða skipulag skólans á þann hátt að hann mun framvegis skiptast í fimm öflug fræðasvið sem hvert um sig skiptist í fjórar til sex deildir. Kennaraháskólinn myndar stofninn á einu þessara fræðasviða, menntavísindasviði, en hin fræðasviðin eru heilbrigðisvísindasvið, félagsvísindasvið, hugvísindasvið og verkfræði- og náttúruvísindasvið. Deildirnar verða tuttugu og sex að tölu,“ segir Jón Örn Guðbjartsson, markaðs- og samskiptastjóri Háskóla Íslands. Breytingarnar taka allar gildi 1. júlí næstkomandi og eru til þess gerðar að efla háskólastarfið.

„Þetta er gert til að tryggja styrka stjórnun og betri stoðþjónustu við alla sem eru hér við nám og störf, og þannig verður til mun öflugri háskóli,“ útskýrir Jón Örn bjartssýnn. Með sameiningu verður til stærsta háskólasamfélag landsins með um þrettán þúsund nemendur og afar fjölbreytta námsmöguleika. Framhaldsnám verður störflegt og tækifæri til rannsókna aukin.

Mikið verður lagt upp úr fjölbreyttu námi þar sem fólk getur tvinnad saman mismunandi fræðigreinar. „Mikið námsframboð gerir Háskólanum kleift að bjóða nemendum að ljúka námi með því að víða að sér þekkingu frá mörgum fræðigreinum samtímis,“ segir Jón Örn, og nefnir sem dæmi nýstárlegar námsleiðir eins og fötlunarfræði og lýðheilsuvísindi. Um þessar mundir er unnið að undirbúningi jafnréttis- og jafnréttisskóla að fyrirmynd Jarðhita- og sjávarútvegs-skóla Sameinuðu þjóðanna, sem er í raun afsprengi rannsókna á jafn-



Jón Örn segir Háskólatorg fela í sér gríðarlega þjónustuviðbót við nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

rétti við Háskóla Íslands,“ segir Jón Örn.

Enn ein nýjungin við Háskóla Íslands er Háskólatorgið sem tekið var í notkun ekki alls fyrir löngu. Jón Örn segir það hafa hlotið fádæma góðar viðtökur. „Háskólatorgið er í raun ekki breyting, það er bylting. Það hefur breytt háskólalóðinni í ekta „campus“. Þarna er komin miðja sem stúdentar og starfsmenn leita í.“

Í byggingunni er vettvangur fyrir kennslu, ráðstefnur og fundi og einnig má þar finna veitingasölu og Bóksölu stúdenta, sem allir háskólar landsins nýta sér. „Þetta

er mikill þjónustuviðbót bæði gagnvart nemendum og starfsfólki. Menningarlega og fræðilega hefur Háskólatorg umbylt þeim anda sem er á svæðinu. Fólk upplifir hjartsláttinn á einum stað,“ segir Jón Örn ánægður og bætir við: „Það er mikill metnaður til staðar en síðan bætist við samkeppni frá öðrum háskólum sem er mjög gagnleg. En við berum okkur ekki bara saman við þá háskóla sem hér eru heldur líka við bestu háskóla heims, því við störfum í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og stefnum að því að verða meðal hundrað bestu háskóla í heimi.“ -hs

Íslensk náttúra í aðalhlutverki

Inga Vala Gísladóttir er að ljúka fyrsta ári í náttúru- og umhverfisfræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Námið er þrjú ára BS-nám og býður upp á tvenns konar námsleiðir.

„Námið skiptist í náttúrunýtingu og almenna náttúrufræði. Náttúrunýtingin fjallar meðal annars um nýtingu náttúrunnar, vernd og vitund, þjóðgarða og kortlagningu,“ segir Inga Vala, sem valdi almenna náttúrufræði í sínu námi.

„Þetta er þverfaglegt nám þar sem meðal annars er farið í jarðfræði, líffræði, grasfræði og dýrafræði,“ segir Inga Vala, sem útskrifaðist af náttúrufræðabraut frá Menntaskólanum á Akureyri áður en hún hóf nám við Hvanneyri. Hún hefur alla tíð haft mikinn áhuga á fræðum náttúrunnar og segir valið hafa staðið á milli líffræði við Háskóla Íslands og náttúrufræðinnar. „Umhverfið, náttúran, gróður og gróðurfar hefur alltaf heillað mig. Náttúrufræðin er þverfaglegt grunnnám þar sem sérstök áhersla er á íslenska náttúru og gróðurfar og það réði úrslitum þegar ég valdi Hvanneyri. Síðan finnst mér umhverfið og samfélagið hér frábært, auk þess sem skólinn á ríka sögu.“

Um 25 til þrjátíu nemendur eru nú í BS-námi í náttúrufræði að sögn Ingu Völu, sem segir það góðan grunn fyrir frekara nám. „Náttúrufræðingar starfa meðal annars við rannsóknir, kennslu eða á ýmsum náttúrufræðistofnunum. Síðan fara margir í frekara nám innan náttúru- eða umhverfisfræða,“ segir Inga Vala, sem stefnir á frekara nám að BS-námi loknu. „Ég hef mestan áhuga á plöntum og grösnum, en það verður



Inga Vala Gísladóttir er hæstánægð með náttúrufræðina sem er í boði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og hyggur á frekara nám.

bara að koma í ljós hvaða leið ég vel.“

Inga Vala telur umhverfisfræðin eiga brýnt erindi fyrir á skólaferlinum. „Ég myndi gjarnan vilja sjá vistfræði og kennslu um náttúruvitund í framhaldsskólum. Þetta skiptir okkur öll máli og sem betur fer tel ég að áhuginn á þessu námi sé að aukast.“ Nánari upplýsingar um Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri má finna á www.lbhi.is -rh

Langar þig í háskólanám en ert ekki með stúdentspróf?

Eftir nám á Háskólabrú Keilis getur þú hafið næstum hvaða háskólanám sem er.

HÁSKÓLABRÚ

Markviss og góður undirbúningur fyrir háskólanám

Nám á Háskólabrú Keilis er undirbúningur fyrir háskólanám og er þróað í samstarfi við Háskóla Íslands. Námið veitir þér rétt til að sækja um í flestum deildum Háskóla Íslands ásamt Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Listaháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og nokkrum norrænum háskólum. Þeir nemendur sem uppfylla skilyrði LÍN geta sótt um lán fyrir skólagjöldum og framfærslu.

Inntökuskilyrði eru að umsækjendur hafi lokið 2½ – 3 árum á framhaldsskólastigi. Umsækjendur sem eru 25 ára og eldri eiga möguleika á að fá starfsreynslu metna til eininga.

Nemendur við Keili hafa forgang að glæsilegum og rúmgóðum nemendaíbúðum á góðu verði.

Umsóknarfrestur rennur út 13. júní.



Keilir
Atlantic Center
of Excellence



Heimskautaréttur og fjarnám í iðjubjálfun eru þær nýjungar sem verða í boði að sögn Jónu Jónsdóttur, forstöðumanns markaðs- og kynningarsviðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HNEFILL

Stærri og öflugri deildir

Háskólinn á Akureyri er nú að ljúka sínu tuttugasta og fyrsta starfsári og býður upp á fjölmargar leiðir, bæði í fjar- og staðarnámi, sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis. Í haust bætast síðan við fjarnám í iðjubjálfun og meistaranám í heimskautarétti.

„Frá og með haustinu bjóðum við nám við þrjár deildir, sem eru viðskipta- og raunvísindadeild, heilbrigðisdeild og hug- og félagsvísindadeild. Við erum að vinna að sameiningu deilda um þessar mundir en markmiðið er að gera þær stærri og faglega öflugri,“ segir Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri.

Nemendur eru um 1.400 talsins og þar af eru um 700 í venjulegu staðbundnu grunnnámi, 400 til 450 í fjárnámi og 250 í framhaldsnámi, samkvæmt grófum útreikningi að sögn Jónu.

„Skólinn óx mest á árunum 2001 til 2005 og þá sérstaklega þegar við vorum að auka námsframboðið. Upp á síðkastið hefur mesta aukningin verið meðal fjar- og framhaldsnema,“ útskýrir Jóna sem segir viðskiptafræðina alltaf vera vinsælasta auk greina á borð við hjúkrunar-, kennara- og sálfræði.

Hún segir helming nemenda vera frá Akureyri og nærsveitum, um þrjátíu prósent frá höfuðborgarsvæðinu og restina annars staðar að af landsbyggðinni. „Sumir sækja hingað í nám sem

ekki er í boði annars staðar hérlendis, til dæmis iðjubjálfun, nútímafræði, grunnnám í fjölmiðlafræði, sjávarútvegsfræði og líftækni auk umhverfis- og orkufræði og samfélags- og hagþróunarfræði. Síðan nefna nemendur líka litla námskóla og persónuleg samskipti sem helstu kosti skólans,“ útskýrir Jóna og heldur áfram: „Á Akureyri eru líka vel mannaðir leik- og grunnskólar auk lægra leiguverðs en á höfuðborgarsvæðinu, sem laðar eflaust að. Síðan skapast ákveðin stemning í litlum bæ fyrir háskólanema sem mörgum finnst skemmtileg.“

Frá og með haustinu verður enn bætt við námsframboð en þá verður í fyrsta sinn boðið upp á fjarnám í iðjubjálfun og meistaranám í heimskautarétti.

„Iðjubjálfunin verður óháð staðsetningu og ekki gerð krafa um hópa. Þannig geta allir sem uppfylla grunnskilyrði komist að,“ segir Jóna og skýrir betur hvað heimskautarétturinn snýst um: „Í kjölfar hlýnunar jarðar hafa fundist ákveðnar auðlindir og opnast skipaleiðir á heimskautarsvæðinu. Þetta er meðal annars við Kanada, Alaska, Ísland, norðurhluta Skandinavíu og Rússland. Það eru því margir sem telja sig eiga tilkall til þessara auðlinda og til að gera langa sögu stutta fjallar heimskautarétturinn um þessi mál.“

Seinni umsóknarfrestur við Háskólann á Akureyri rennur út hinn 5. júní næstkomandi. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.unak.is

-rh

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri


VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD
SJÁVARÚTVEGSFRÆÐI



VILT ÞÚ LÆRA UM MIKILVÆGUSTU AUÐLIND ÍSLENDINGA?

Þá er sjávarútvegsfræði eitthvað fyrir þig. Í náminu er fjallað um allt ferlið frá vöktun á umhverfi auðlindarinnar, þ.e. hafinu þar til að afurðin er komin á disk neytenda á innlendum eða alþjóðlegum mörkuðum. Sjávarútvegur er því mjög fjölbreyttur og alþjóðlegur.

Nám í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri er þverfaglegt og sérstakt í íslenskrí námsflóru. Þess er krafist að nemendur kunni skil á grunnhugtökum á sviði raunvísinda og viðskipta sem og þáttum sem snerta sjávarútveginn beint.



Kynntu þér nám í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri á www.haskolanam.is



Júlíus Arnarson útskriftarnemi við Háskólann á Bifröst á svölum íbúðar sinnar í rómantísku og heillandi háskólaþorpi Bifrastar.

MYND/SARA MAGNÚSDÓTTIR

Heilsar hverjum manni

„Það eru engar ýkjur þegar ég segi að hér sé algjört ævintýri að vera,“ segir Júlíus Arnarson, sem eyða mun sumri í borgfirskri náttúru við skrif BA-ritgerðar í hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

„Þeir sem hér stunda nám eru sammála um að námstíminn við þennan frábæra skóla sé skemmtilegasti tími ævinnar. Háskólinn á Bifröst er sá eini sem býður upp á háskólaþorp og hér eru nemendur eins og ein stór fjölskylda þar sem allir standa saman,“ segir Júlíus, sem lengi hafði leitað að heillandi námi. „Ég ákvað að slá til þegar ég sá auglýsingu um HHS-nám á Bifröst og sé ekki eftir því. Á náms tímanum hef ég fundið að hagfræði höfðar mest til mín, en þó hefði ég ekki viljað missa af hinum greinunum því þær hafa gert mig vísýnni,“ segir Júlíus og jatar að námið sé strembið.

„Maður fer ekki í háskóla og býst við að hafa ekkert fyrir því, en hluti ánægjunnar er hversu erfitt námið er því það er gaman að hafa fyrir hlutunum og uppskera eftir því,“ segir Júlíus, sem hlakk-

ar til síðasta sumarsins vestra, en tregar þá tilhugsun að yfirgefa háskólasamfélagið á Bifröst.

„Hér hefur maður eignast sína bestu vini á fullorðinsárum. Maður heilsar hverjum einasta manni og það finnst mér kostur. Á Bifröst getur enginn orðið útundan því allir eru að fást við það sama og gera allt saman, hvort sem það er námið, hópvinna, tómsundurir eða frítími. Maður hefur séð marga óframfærna einstaklinga koma hingað í byrjun sem komnir eru í hringiðuna áður en af þeim er litið,“ segir Júlíus, sem stefnir á meistaranám í haust. „Hér kemst maður líka að því hvað öll þessi „naudsynlega“ afþreying í borginni er óþörf. Hér kveikir varla nokkur maður á sjónvarpi, heldur eldar fólk saman og spilar, fer saman á golfvöllinn eða fótbolta-völlinn, og margir eru með hjól eða ganga á fjöll til að njóta náttúrunnar allt um kring. Allt þetta; veruna hér og fólkíð sem hefur verið mér samferða í námi, mun ég taka með út í lífið sem dýrmætt veganesti kærkominnar reynslu og minninga.“

-þlg



ASKJA



Mercedes-Benz



6x Mercedes-Benz C200
Kompressor

+ 5,6 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

Benz eða Harley á 1.000 kr.

6x Harley Davidson Fat Boy

+ 3,2 milljónir í bakpokann
á tvöfaldan miða!



**Opið til kl. 16 í aðalumboðinu um helgina!
Hringdu í síma 561 7757 og kaupu miða.**

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.

Kaupu miða á www.das.is

HAPPDÆTTI



Vinningur í hverri viku



Háskólinn á Hólum starfar í þremur deildum, það er ferðamálaeild, fiskeldis- og fiskalífraðeild og hestafræðeild. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Áhersla á sérhæfð fög

Háskólinn á Hólum býður upp á þriggja ára BA-nám, eins árs diplómanám í ferðamálafræði og eins árs diplómanám í viðburðastjórnun. Markmið námsins er að mennta fólk til virkrar þátttöku í þróun ferðapjónustu á öllum sviðum, hafa frumkvæði að stofnun fyrirtækja og gegna stjórnunarstöðum á sviði ferðamála.

Þá er hægt að taka eins árs nám og útskrifast með diplómagraðu í fiskeldisfræði eða þriggja ára nám og fá þá BS-gráðu í sjávar- og vatnalífraði. Jafnframt er boðið upp á meistaranám á þessu fræðasviði við skólann. Markmið BS-námsins er að mennta fólk til starfa við rannsóknir og kennslu og undirbúa það fyrir frekara nám. Markmið diplómanáms er að gera nemendur færa um að starfa í fiskeldisstöðvum, koma að

stjórnun fiskeldisstöðva og stunda áframhaldandi háskólanám. Diplómanámið er boðið í fjarnámi með staðbundnum lotum.

Eftir fyrsta ár í hestafræðeild skólans útskrifast nemendur sem hestafræðingar og leiðbeinendur. Eftir tveggja ára nám eru nemendur útskrifaðir sem tamningamenn en að loknu þriðja ári útskrifast þeir sem þjálfarar og reiðkennarar og eiga að vera færir um sýningarkeppnishrossa, dómstörf í hestaíþróttum og fleira. Til viðbótar við námið er nú í boði BS-nám í hestafræðum, sem er sameiginleg námsbraut með Landbúnaðarháskóla Íslands. Það er undirbúningur að störfum í atvinnugreininni við rekstur hrossabúa og fyrir sérhæfða þjónustu, ráðgjöf og hverskyns miðlun þekkingar við hrossaræktendur og hestamenn. - rve

Nýtt hús og nýtt nám í HR

Háskólinn í Reykjavík hefur vaxið hratt síðan hann hóf starfsemi fyrir tíu árum og fjölgar umsóknum ár hvert.

Nemendur við skólann eru um 3.000 talsins en um 1.000 nýnemar eru teknir inn á hverju ári. Ný skólabygging er óðum að rísa við Öskjuhlíð og framkvæmdir ganga vel.

„Þær ganga mjög vel og við erum bara í því að að naglhreinsa um helgar,“ segir Jóhann Hlíðar Harðarson, markaðsstjóri Háskólans í Reykjavík. Áætlað er að flytja stóran hluta starfseminnar í nýja húsið í ágúst á næsta ári og eftir tvö ár verður öll starfsemi komin niður undir Öskjuhlíð. Jóhann Hlíðar segir bygginguna verða eina best bünü skólabyggingu í Evrópu en í haust mun námsframboð skólans enn aukast.

„Það sem er í mestri sókn hjá okkur er nýtt meistaranám í tækni og verkfræðeild en í haust býður skólinn upp á meistaranám í fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hátækniverkfræði og orkuverkfræði. Einnig fer af stað hjá okkur glænýtt nám í leiðtogafræði á heilbrigðissviði sem verður mjög spennandi en það hefur ekki verið mikið um sérmenntun fyrir fólk sem ætlar sér í stjórn-



Jóhann Hlíðar Harðarson, markaðsstjóri Háskólans í Reykjavík, segir skólann í stöðugri sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

unarstörf í heilbrigðisgeiranum.“ Jóhann Hlíðar segir ásókn í tölvunarfræði einnig vera að aukast en tölvunarfræðeild skólans sé ein sú besta á landinu.

Eftirspurn eftir fagfólki á þessu sviði hafi verið mikil undanfarin ár en lítil ásókn hafi verið í námið. Það sé að breytast núna og unga fólkið sé að gera sér grein fyrir atvinnumöguleikum eftir

nám í tölvunarfræði. „Háskólinn í Reykjavík hefur því stækkað mjög hratt en svo er ekki stefnt að því að stækka mikið meira á næstu árum,“ segir Jóhann Hlíðar.

„Við munum fylla í nýja meistaranámið hægt og rólega en við viljum frekar líta á gæðin og hugsa um hvern nemanda fyrir sig en að einblína á stærð.“ - rat



Háskóli lífs og lands

Spennandi háskólanám í náttúruvísindum

Nám til BS-gráðu við Landbúnaðarháskóla Íslands

- Náttúru- og umhverfisfræði
- Umhverfisskipulag (grunnám að landslagsarkitektúr)
- Almenn landbúnaðarvísindi
- Hestafræði
- Skógfræði/landgræðsla

Námið fer fram á Hvanneyri í Borgarfirði en þar hefur risið háskólaþorp í fallegu umhverfi með allri aðstöðu og skemmtilegu félagslífi.

Umsóknarfrestur um BS-nám við Landbúnaðarháskóla Íslands er til 4. júní.

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans!
www.lbhi.is



30.000
blaðberar
komnir til
landsins

Hringdu í síma

512
50
60

ef blaðið berst ekki



Ræktaðu hæfileikana í hvetjandi umhverfi

Jón Ólafsson
forseti félagsvísindadeildar



15. MAÍ
RENNUR
UMSÓKNAR-
FRESTUR
ÚT!

WWW.BIFRÖST.IS

MA NÁM Menningarstjórnun

Menningarstjórnunarnámið hefur á undanförunum árum unnið sér sess sem framsækið og hagnýtt nám fyrir starfandi og verðandi stjórnendur í menningarlífi. Námið hefur einnig nýst fólki sem starfar innan skólakerfisins og sækist eftir góðri framhaldsmenntun til að auka faglega hæfni sína við stjórnun og rekstur menntastofnana.

Menningarstjórnunarnámið er alþjóðlega samkeppnishæft nám sem veitir nemendum traustan bakgrunn í

stjórnunar-, rekstrar- og menningarfræðum. Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms og þegar hefur sýnt sig að nemendur sem útskrifast hafa með MA gráðu í menningarstjórnun frá Bifröst takast á hendur leiðandi störf á sviði menningar og menntunar.

Skipulag meistaranámsins miðast við að hægt sé að stunda það með vinnu eða sem fullt nám.

Allar nánari upplýsingar á bifrost.is.

FRUMGREINAEILD

- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

SONY

BRAVIA

Club Sony Laugardagar

Komdu í Sony Center á laugardögum og láttu sérfræðinga leiða þig í allan sannleikann um:

- Full HD • Háskerpu sjónvörp • Blu-ray diska • Háskerpu tökuvélar • Alpha og CyberShot myndavélar •



Viltu vinna háskerpu Sony myndbandstökuvél?

- Komdu í heimsókn og skráðu þig í Club Sony og þú gætir unnið vandaða Sony háskerpu myndbandstökuvél HDR-HC5 að verðmæti 109.900,-
- Club Sony meðlimir fá svo reglulega sendan tölvupóst með sértilboðum og fréttum af Sony nýjungum.



Kynning á Sony BRAVIA sjónvörpum um helgina

- Laugardagurinn 3. maí verður tileinkaður háskerpu BRAVIA LCD sjónvörpum.
- Full HD • Motionflow +100hz • BRAVIA Engine • Photo TV • 24p True Cinema •

like.no.other™

*dregið verður úr skráningum í Club Sony 31.05.08

Sony Center Reykjavík
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669

www.sonycenter.is

Sony Center



viku fyrir viku

ðisins og ný hverfi skipulögð. Hins vegar hefur verulega hægt Helgafellslandi í Mosfellsbæ, en fátt annað. *Ingimar Karl* við fjölmargar nýbyggingar. Verktaki segist taka eina viku í einu.

Töluvert meira líf var í Leirvogstungu en í Helgafelli þegar blaðamaður fór þar um. Unnið í mörgum húsum, auk þess sem starfsmenn Ístaks vinna margir að gatnagerð og jarðvinnu. Hins vegar voru þar mörg hús hálfkláruð, þar sem enginn sást við störf. Mannfæð kynni í einhverjum tilvikum að skýrast af því að blaðamaður var þarna á ferðinni á vinnutíma. En í sumum tilvikum virtist lítið hafa verið hreyft við um nokkurt skeið.

Þeir sem blaðamaður sá þarna að störfum vildu lítt ræða stöðu mála í hverfinu við blaðamann. Báru ýmist fyrir sig litla íslenskukunnáttu eða kusu heldur að ræða önnur mál.

Í samningum Mosfellsbæjar við Leirvogstungu ehf. og Helgafellsbyggingar eru fyrirvarar um framkvæmdahraða. Þannig mega þessir aðilar hægja á, þyki fjárhags- og markaðsaðstæður óhagkvæmar.

MANNFÆÐ Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

Blaðamaður fór um Vallarhverfi í Hafnarfirði, nálægt álverinu í Straumsvík. Þar hafa þegar risið fjölmargar íbúðablokkir, auk ýmiss atvinnu- og verslunarhúsnæðis. Þegar ekið er í suðurátt, inni í hverfinu, má meðal annars líta barnavagna á svölum, eða úti-grill. Eftir því sem sunnar er farið verður hins vegar meira um nýbyggingar.

Enda þótt gatnakerfið þarna virðist vera fullbúið, götur malbikaðar og jafnvel komnir upp ljósastaurar, er mismikið um að vera við húsbýggingar.

Sums staðar er unnið að kappi og margir við störf. Annars staðar er minna í gangi.

Í sumum tilvikum sjást aðeins grunnar. Sums staðar hafa útveggir verið steypdir og stundum komið á þá þak. Víða er búið að glerja. Hér er eingöngu rætt um íbúðarhúsnæði.

120 lóðum var úthlutað á Völlunum fyrir skömmu. Nú er komið að gjaldþaga. Um fimmtán prósentum lóðanna hefur þegar verið skilað til bæjarins, allt einbýlishúsalóðir. Þetta er mun meira en verið hefur undanfarið og þykir enn eitt merkið um samdráttinn.

LÓÐUM SKILAÐ TIL REYKJAVÍKUR

Reykjavík stefnir að því að fólk byggi nýtt hverfi undir hlíðum Úlfarsfells. Þar hefur hundruðum lóða verið úthlutað, einkum einbýlishúsalóðum. Þarna eru tvö hverfi í undirbúningi; Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás. Þar hefur verið úthlutað lóðum undir fjölbýlishúsi, en þó einkum einbýlis, par- og raðhúsalóðum.

Í fyrrasumar var úthlutað 115 lóðum í Úlfarsárdal, með byggingarrétti fyrir tæplega 400 íbúðum.

Hrólfur Jónsson, yfirmaður framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að úr þeirri úthlutun hafi þrettán lóðum verið skilað. Allar lóðirnar hafi verið einbýlishúsalóðir.

Fjölmörgum lóðum hafi nýlega verið úthlutað við Reynisvatnsás; 56 einbýlishúsalóðum og þrettán fyrir raðhús og parhús.

Af þeim hafi tólf lóðum verið skilað. Samtals hefur því 25 lóðum verið skilað í þessu eina hverfi.

Hrólfur Jónsson bendir á að hluta lóðanna við Reynisvatnsás hafi þegar verið endurúthlutað. „Svo vitum við að beðið er eftir lóðum á svæðinu.“

En hvers vegna skilar fólk lóðum? „Í flestum tilvikum er það svo að fólk nær ekki að fjármagna lóðakaupin. Bankarnir eru ekki tilbúnir að lána nema á mun lakari kjörum en áður. Þetta er meginskýringin.“

FREKARI HVERFI Í UNDIRBÚNINGI

Verktakafyrirtækið Eykt vinnur að undirbúningi fyrir íbúðarhverfi í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ. Ekki mun vera á dagskrá að hefja þar framkvæmdir fyrr en á næsta ári. Einnig er framkvæmt víðar á höfuðborgarsvæðinu, svo sem í Norðlingaholti í Reykjavík, 101 Skuggahverfi, í uppsveitum Kópavogs nálægt Elliðaavatni og víðar.

Greiningardeild Kaupþings sagði í skýrslu um fasteignamarkaðinn í haust að hugsanlega hefði framboð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu náð hámarki í fyrra. Vísbendingar hefðu verið um að hægt hefði á íbúðamarkaði, en verktakar fremur einbeitt sér að verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Fram hefur komið að velta á fasteignamarkaði er með minnsta móti, sumir segja við frostmark. Því má telja óvíst að allt það íbúðarhúsnæði sem nú er í byggingu seljist svo glatt, enda þótt alltaf verði einhver þörf fyrir húsnæði, þótt ekki sé nema vegna þess að þjóðinni fjölgar, og flestir búa nú í eða við höfuðborgina.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Yfir sex þúsund íbúðir auglýstar til sölu, en innan við fjögur hundruð kaupsamningum þinglýst að jafnaði. Það veit á umframframboð af íbúðarhúsnæði.

Offramboð af íbúðum

„Mér sýnist á öllu að umframframboð á íbúðarhúsnæði sé nú orðið töluvert meira á Íslandi en það var fyrir verðfallið og undirmálslánakrísuna í Bandaríkjunum. Jafnframt eru birgðir af tömu húsnæði meiri en þær voru í Bandaríkjunum,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, doktor í skipulagshagfræði.

Hann bendir á að í september síðastliðnum hafi tvær milljónir íbúða staðið tómar í Bandaríkjunum öllum.

Sigmundur Davíð styðst við bandarískar aðferðir þar sem miðað er við hlutfall fasteigna til sölu, deilt með fjölda kaupsaminga. Þannig megi ráða hversu miklar birgðir séu til af húsnæði miðað við veltu á fasteignamarkaði hverju sinni.

„Í mars var þinglýst 354

kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu. Í byrjun apríl áætlaði ég að minnsta kosti 6.300 íbúðir væru auglýstar til sölu. Auglýstar íbúðir nema því um átján mánaða veltu. Það er sláandi tala því að í Bandaríkjunum þótti mjög afbrigðilegt að hlutfallið færi úr sex mánuðum í tíu,“ segir Sigmundur Davíð.

Þá telur hann rétt að hafa í huga að í mars hafði Seðlabankinn ekki birt spá sína um mikla raunlækkun fasteignaverðs. Í liðinni viku hafi til að mynda aðeins 51 kaupsamningi verið þinglýst á höfuðborgarsvæðinu. „Fari fjöldi kaupsaminga á mánuði niður í um það bil 200, á sama tíma og framboð verður meira en nokkru sinni fyrr, fer þetta hlutfall upp úr öllu valdi.“

Glitnir spáir lækkun

Greining Glitnis telur að til loka árs 2009 lækki íbúðaverð að raungildi um fjórtán prósent. Deildin gerir ráð fyrir því að íbúðaverð lækki um þrjú prósent í ár. „Draga mun úr eftirspurn á íbúðamarkaði á komandi ársfjórðungum vegna hægari ganga hagkerfisins í kjölfar takmarkaðs aðgengis að lánsfé og lítillar kaupmáttaraukningar ráðstöfunartekna,“ segir í riti greiningar um íbúðamarkaðinn, sem birtist í fyrradag.

Seðlabankinn hefur raunar spáð öllu meiri lækkun fasteignaverðs, allt að þriðjungs raunlækkun á næstu misserum. Fjármálaráðuneytið er öllu bjartsýnna í sinni spá en spáir þó fimmtán prósentu lækkun.

Þá sýna nýjustu hagvísar Seðlabankans að kaupmáttur hefur undanfarið ár almennt rýrnað um næstum því heilt prósentustig. Áður hefur komið fram að kaupmáttur stórra hópa launafólks hefur einnig rýrnað undanfarin ár.

Greining Glitnis telur að draga muni úr vexti á framboði íbúðarhúsnæðis á árinu. „Þá hefur byggingarkostnaður hækkað hraðar en íbúðaverð á undanförunum mánuðum sem er til þess fallið að draga úr íbúðafjárfestingu,“ segir Greiningin, en bætir því við að meðalverð íbúða á árinu verði þó rúmlega fimm prósentum herra í ár en í fyrra, „vegna grunnáhrifa“.

Íbúðaverð lækki áfram á fyrri hluta næsta árs, þó þannig að lækkun ársins nemi 2,5 prósentum. Þegar deildin miðar við eigin verðbólguþá gerir hún ráð fyrir fjórtán prósentu raunlækkun til ársloka 2009.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Verðbólga er að einhverju leyti heimatilbúin.

Verðbólguþjandinn

Björgvin Guðmundsson

Sú kynslóð sem nú er einna fjölmennust í atvinnulífinu hefur aðeins lesið um verðbólguáhrif eins og Hagstofan birti í fyrradag í haglýsingum og sögubókum. Fyrir nokkrum árum var talað um þessi verðbólguáhrif eins og þau myndu aldrei koma aftur. Þetta hefði verið afleiðing afleitar efnahagsumgjörðar, sem stjórnað hefði verið með handaflsaðgerðum stjórnáráðanna. Slíkt hefði aldrei reynst vel. Raunin er önnur og staðreyndirnar blasa við. Verðbólga hefur ekki verið meiri í átján ár.

Núverandi ástand mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það tekur langan tíma að endurheimta það traust sem uppgangur efnahagslífsins byggðist á undanfarið áratug. Það er tímabært að þurfa að byrja á að útskýra fyrir erlendum aðilum, sem fylgjast með íslensku efnahagslífi og hafa jafnvel áhuga á að fjárfesta hér, hver rót vandans sé.

Það er rétt sem fram hefur komið að meginskýringin sé fall íslensku krónunnar. Verðgildi hennar hefur rýrnað, sem gerir öll innkaup frá útlöndum dýrari. Seðlabankinn hefur vissulega haft áhyggjur af þessari þróun en lítið getað brugðist við. Gjaldveyrisskiptamarkaður hefur verið stíflaður vegna skorts á gjaldeyri og það hefur haft sín áhrif til að veikja gengið. Nú kemur það fram af fullum þunga.

Að einhverju leyti má líka gagnrýna ríkið fyrir aðhaldslítil fjárlög fyrir þetta ár. Útgjöld aukast verulega milli ára í nafni mótvægisáðgerða, þótt fátt benti til þess að samdrátturinn væri verulegur á þessu ári. Slíkar áðgerðir eru til þess fallnar að auka enn á sveiflur í hagkerfinu um leið og ekki verður ráðið við útgjaldaþróunina um leið og tekjur hins opinbera dragast saman. Niðurstaðan verður aukin skuldaförnu hins opinbera. Ávinningur af hagstjórn ríkisins undanfarið er tapast fljótt við slíkar aðstæður.

Verðbólga er forn fjandi sem nauðsynlegt er að ná tökum á. Mikil verðbólga dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja sem starfa í alþjóðlegu umhverfi. Verðgildi peninga rýrnar, sem og óverðtryggður sparnaður og skuldir. Þannig yfir verðbólga undir eyðslu og skuldsetningu og dregur úr sparnaði og arðsamri fjárfestingu. Einnig er óvissa um framtíðina meiri, sem torveldar alla áætlanagerð og samninga. Þetta ástand getur stuðlað að vaxlverkun verðlags og launa sem erfitt er að ráða við þegar farið er að semja til skamms tíma eins og samningar kennara og fleiri benda til. Greiðslubyrði skuldsatta heimila og fyrirtækja af verðtrygðum lánum hækkar. Þá fylgir hárrí verðbólga aukinn kostnaður vegna verðbreytinga og upplýsingaöflunar. Fólk áttar sig ekki lengur á hvað eru hlutfallslegar verðbreytingar og hvaða hækkningar stafa af verðbólgunni einni. Allt verðskyn sljóvgast.

Lítil en markviss skref eru nauðsynleg til að vinna gegn þessari þróun. Leysa þarf ástand sem skapast hefur á gjaldveyrisskiptamarkaði til að styðja við gengið. Ríkið þarf að sýna ákveðið aðhald á meðan mestu erfiðleikarnir ganga yfir. Auka þarf virkni peningastefnu Seðlabankans, meðal annars með því að skoða áhrif verðtrygginga fjárskuldbindinga þegar færi gefst til að lækka vexti aftur. Í því ferli skipta áðgerðir Íbúðalánasjóð miklu máli, en hann er helsti útgafandi verðtryggðra skuldabréfa á Íslandi.

Þetta verður verkefni þeirrar kynslóðar sem nú er fjölmennust í atvinnulífi og stjórnáráðum og um hana verður skrifað í sögubókum framtíðarinnar.

bjorgvin@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Skráning hlutafjár í evrur

Þann 2. júní 2008, kl. 9:00 árdegis, verða hlutabréf í Ramma hf., kt. 681271-1559, Gránugötu 1-3, 580 Fjallabyggð, skráð í evrum hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Hlutabréf félagsins hafa verið og eru skráð í íslenskum krónum hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

Stjórn félagsins hefur fengið heimild Ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt og semja ársreikning í evrum frá og með 1. janúar 2008 og getur því sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, ákvarðað hlutafé sitt í evrum. Aðalfundur félagsins, sem haldinn var þann 14. mars 2008, veitti stjórn félagsins heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum og var ákvörðun um slíkt tekin á stjórnarfundum sem haldinn var þann 14. mars 2008.

Hlutafé félagsins er kr. 425.000.000 að nafnvirði, allt í einum flokki, en mun við skráningu í evrum verða EUR 4.660.088 og er við umreikninginn gætt ákvæða laga um ársreikninga, sbr. ákvæði 5. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og miðað við miðgengi evru gagnvart krónu eins og það var skráð af Seðlabanka Íslands í lok dags 31. desember 2007.

Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður hlutaskrár félagsins, Unnar Már Pétursson, Gránugötu 1-3, 580 Fjallabyggð. Fyrirspurnum má einnig beina á netfangið unnar@rammi.is

Stjórn:
Ramma hf.
kt. 681271-1559
Gránugötu 1-3
580 Fjallabyggð

Hvaða típa er fyrirtækið þitt?

ORÐ Í BELG

Guðmundur
Arnar
Guðmundsson
markaðsstjóri
Ícelandair í
Bretlandi.



Taka starfsmennirnir þínir á móti viðskiptavinum með brosi og fullir af orku? Hvernig eru innréttingarnar á skrifstofunni, en ljósinn og litir á veggjum? Hvernig líta reikningarnir út sem eru sendir til viðskiptavina um hver mánaðamót? En auglýsingarnar? Er einhver sérstök lykt sem tekur á móti viðskiptavinum í verslunum fyrirtækisins og hversu fljótt og nákvæmlega eru beiðnir frá viðskiptavinum afgreiddar? Svörin við þessum spurningum eru meðal þeirra sem mynda típuuna (e. brand personality) sem fyrirtækið þitt býr yfir. Það eru fá fyrirtæki sem gera sér grein fyrir því hvaða típa þau eru. Þau fyrirtæki sem eru ekki með það á hreinu eru í raun með klofinn persónuleika. Viðskiptavinurinn upplifir þau sem eina típu í auglýsingum, aðra þegar hringt er í þau og jafnvel enn aðra þegar útibúin þeirra eru heimsótt. Fólk veit því í raun aldrei að hverju það gengur þegar það á í samkiptum við þau, upplifunin er bara svona einhvernveginn. Þau fyrirtæki sem hafa mótsagnalaus persónuleika geta notað hann til að staðsetja sig á einstakan hátt á markaðnum og búið þannig til mjög sterkt samband við viðskiptavini.

Í dag eru flestir markaðir orðnir það þroskaðir og samkeppni orðin það hörð að vörueða þjónustueiginleikar skapa ekki lengur samkeppnisforskot né aðgreiningu á markaði. Ástæðan er hve auðvelt það er fyrir samkeppnina að bjóða sömu eiginleika. Það sem eftir stendur þá er þetta huglæga: upplifunin af vörumerkinu, hvað það stendur fyrir, hvernig það blasir við neytendum og talar við þá. Til að geta sannarlega aðgreint sig frá öðrum og náð forskoti á samkeppnina verða því fyrirtæki að komast að því hvaða típu þau eru. Í raun hvaða mann þau hafa að geyma og vera mótsagnalaus eða ein típa en ekki klofin og margar típur.



KEATON OG ALLEN Í myndinni Annie Hall leikur Woody Allen taugaveiklaðan grínista sem verður ástfanginn af söngkonunni Annie Hall sem Diane Keaton leikur. Greinarnhöfundur veitir fyrir sér hvort fyrirtæki geti haft til að bera persónuleika. Væntanlega væri þá ekki gott ef fyrirtækið væri mótsagnakennt, tvítvíngandi og uppfyllt af efasemdum um eigið ágæti, líkt og margar persónur Woody Allen.

ORDSKÝRINGIN

Varin staða (hedge)

Sveiflur á gengi krónunnar hafa verið miklar og valdið nokkrum óþægindum hjá þeim sem eru að reka fyrirtæki og fjárfesta. Hins vegar verja margir sig fyrir miklum sveiflum krónunnar. Í því sambandi er talað um að „hedga“ stöður eða vera með varða stöðu. Á vef Kaupþings er tekið dæmi af heildsala sem flytur inn vörur frá útlöndum. Hann verðleggur vöruna í dag í íslenskum krónum en greiðir fyrir vörurnar í erlendum gjaldmiðli og hefur greiðslufrest í þrjátíu daga. Þar sem verð erlendra gjaldmiðla sveiflast gagnvart íslensku krónunni stendur heildsalinn frammi fyrir töluverðri óvissu. Hann getur minnkað þessa óvissu með því að gera

til dæmis samning við fjármálastofnun um að kaupa erlenda gjaldmiðil á fyrir fram ákveðnu verði (gengi) eftir þrjátíu daga. Einnig gæti heildsalinn keypt kauprétt sem veitir honum rétt á að kaupa erlenda gjaldeyri á ákveðnu verði (gengi) eftir þrjátíu daga. Nú veit heildsalinn hversu mikið hann þarf að greiða í íslenskum krónum fyrir vörurnar og þar af leiðandi verður öll áætlanagerð nákvæmari og sveiflur í rekstri minni. Varin staða er einnig algeng við verðbréfa kaup. Þá getur fjárfestir til dæmis keypt söluarétt á viðkomandi verðbréfa á ákveðnu verði og takmarkað fyrir fram hugsanlegt tap af viðkomandi fjárfestingu.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... ÞÓR SIGFÚSSON, FORMANN SAMTAKA ATVINNULÍFSINS OG STJÓRNAR ÁRVAKURS

Reyndur stjórnandi

Þór Sigfússon var kjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins á dögnum. Þá tók hann einnig við stjórnarformennsku í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins og fleiri fjölmiðla. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Þór komið víða við og þeir sem til þekkja lýsa honum sem drifandi og hugmyndaríkum manni.

Þór fæddist 2. nóvember 1964 í Vestmannaeyjum. Foreldrar hans eru Kristín Sigríður Þorsteinsdóttir og Sigfús Jörundur Árnason Johnsen, sem lést í hitteðfyrra.

Þór lauk stúdentsprófi árið

1985. Þá hélt hann til Bandaríkjanna og nam hagfræði við Háskóla Norður-Karólínu. Þaðan lauk hann BA-prófi árið 1990 og meistaraprófi í sömu grein ári síðar. Síðar hefur hann stundað doktorsnám við Háskóla Íslands.

Hann hóf snemma að stýra og varð formaður Heimdallar og framkvæmdastjóri Sambands ungra sjálfstæðismanna árin 1986-88.

Fljótlega eftir að hann lauk náminu í Bandaríkjunum kom hann aftur heim og hóf aftur afskipti af stjórnámum. Hann var ráðgjafi fjármálaráðherra

árin 1993-98, en þá sat Friðrik Sophusson á ráðherrastóli.

Þór varð svo aðstoðarframkvæmdastjóri Norræna fjárfestingarbankans, og síðan framkvæmdastjóri Verzlunarráðs, sem nú heitir Viðskiptaráð, til ársins 2005.

Þá tók hann við forstjórastarfi hjá Sjónvá, sem hann sinnir enn.

Þór hefur ekki týnt sér eingöngu í stjórnunarstörfum, heldur hefur hann líka gefið út og skrifað bækur og greinar, helst um hagfræðileg efni og stjórnámál. Þar á meðal eru bækurnar Örríki á umbrotatímum og

Útrás íslenskra fyrirtækja. En bækur hans hafa líka fjallað um önnur efni. Til dæmis gaf hann út ljósprentaða gerð Sögu Vestmannaeyja eftir Sigfús M. Johnsen, ásamt viðaukum, árið 1989.

Margir úr fjölskyldu Þórs eru, eins og hann sjálfur, þjóðþekkt fólk. Nefna má Árna Johnsen, alþingismann, föðurbróður Þórs, einnig systkini hans þau Árna, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, Sif, verkefnisstjóra hjá Háskóla Íslands og varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Þorstein, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar.

- ikh



SPÁKAUPMAÐURINN

Greidd skuld er glatað fé

Loksins, loksins, eftir mikla og margra ára baráttu og barning við lánastofnanir, innheimtumenn og lögfræðinga er hann loksins frjáls. Spákaupmaðurinn er nefnilega nýlega orðinn skuldlaus og vill syngjandi kátur byrja að spara.

En samt barmar hann sér. Hann á svo bágt. Hvað veldur?

O, jújú. Hann er frjáls af fúlum skuldum og vill núna leggja til hliðar fyrir mögru árin ... eða mögru mánuðina vonandi ... sem eru fram undan.

En hvað er þá til ráða? Það má leggja peningana inn á bankabók. Þá má fá vexti. Græða svolítið á þeim sem hafa grætt á spákaupmanninum öll þessi ár.

Spákaupmaðurinn skautar yfir heimasíður bankanna. „Þetta er barasta voða fint allt saman,“ hugsar hann, það má fá yfir ellefu prósent vexti á sparnaðinn. Spákaupmaðurinn kýlir á'ða.

Vekjaraklukkan hringir. Spákaupmaðurinn sprettur á fætur og kíkir í heimabankann.

„&%\$# ógn og skelfing,“ grenjar spákaupmaður. „Það er minna á reikningnum en í gær!“

Það er víst komin verðbólga, verðbólga eins og sú sem skattmann forseti og fleiri losuðu okkur við áður en DOJBHHÁ-fóru á flot til Viðeyjar og víðar.

Nú borgar sig ekki að spara. Núna segja menn að besta fjárfestingin sé að greiða niður skuldir. En hvað gerir þá skuldlausu spákaupmaðurinn??

Er ekki einu sinni með gott gengislán á bílnum, sem hann gæti fjárfest í með því að greiða niður. Ekki einu sinni raðgreiðslur!


Ekki þýðir heldur að kaupa gjaldeyri eða gull fyrir peninginn, heldur ekki grjón. Þetta er allt í toppi.

Spákaupmaður gnístir tönnum yfir þegar greiddum skuldum og finnur síminnkandi krónur seytla niður milli fingra og gufa út í loftið.

Honum verður hugsað til ljóma bernskunnar þar sem ekki bara bankainnistæðan heldur líka skuldarnar lutu í gras í verðbólgu. Löngum stundum var setið við Íslenska efnahagsspilið og helgið ... og grátið. „Greidd skuld er glatað fé,“ hnussar í spákaupmanni, sem fer aftur upp í rúm og dregur sængina upp fyrir haus.

Spákaupmaðurinn á horninu

SPORT



**UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE**


Í KVÖLD KL. 18:30

CHELSEA LIVERPOOL

MEISTARADEILDIN – UNÐANÚRSLIT

Í KVÖLD KL. 18:00
UPPHITUN

Í KVÖLD KL. 20:40
MEISTARAMÖRK
— Allt það helsta úr leik kvöldsins





VIÐ STJÓRNVÖLINN HJÁ SECURSTORE
Alexander Eiríksson er sölu- og markaðs-
stjóri, Örn Gunnarsson er nýráðinn
framkvæmdastjóri og Eiríkur Eiríksson
er fjármála- og rekstrarstjóri SecurStore.
Stefnt er á að breyta fyrirtækinu úr smærri
frumkvöðla- og fjölskyldufyrirtæki í stórt
alþjóðlegt upplýsingatæknifyrirtæki.
MARKAÐURINN/ANTON

SecurStore stefnir á stóraukinn vöxt í útlöndum

Með aðkomu Bjarna Ármannssonar og Arnar Gunnarssonar að Tölvuþjónustunni SecurStore sækir fyrirtækið byr til enn frekari vaxtar og útrásar. Þeir félagar hafa keypt helmingshlut í fyrirtækinu. Óli Kristján Ármannsson tók tali þá Alexander og Eirík Eiríkssyni, tvo stofnenda fyrirtækisins, og Örn Gunnarsson sem tekur við starfi framkvæmdastjóra þess.

Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?

Komfort loftkæling

- * Rétt hitastig og hreint loft
- * Eyðir svifögnum, lykt ofl.
- * Bætir heilsuna og eykur vellíðan og afköst starfsmanna

Gott úrval til á lager af öllum helstu gerðum.
Komum á staðinn og veitum ókeypis ráðgjöf. s. 440-1800

www.kaelitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...

Við erum náttúrlega góðir í að sækja afrit, en mestu máli skiptir geta okkar til að skila gögnunum þegar þörf krefur," segir Örn Gunnarsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Tölvuþjónustunnar SecurStore á Akranesi. Hann hefur ásamt Bjarna Ármannssyni fjárfesti, sem um leið verður stjórnarformaður SecurStore, eignast helmingshlut í fyrirtækinu. Gengið var endanlega frá sölnunni um nýliðna helgi. Kaupverð er sagt trúnaðarmál, en velta fyrirtækisins á þessu ári er áætluð 200 milljónir króna. Bjarni og Örn eiga fjórðung hvor í fyrirtækinu.

Fyrirtækið sérhæfir sig í sjálfvirkri öryggisafritun yfir netið og svo endurheimt gagna. „Margir geta afritað eins og vindurinn, en þeir eru færri sem standa sig svo í að koma gögnunum hratt og örugglega á sinn stað þannig að fyrirtæki þar sem eitthvað hefur komið upp á geti haldið áfram starfsemi sinni með sem minnstri truflun," segir Örn, sem áður var framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankans Saga Capital. Þar áður var hann forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Glitnis.

FYRIRTÆKI MEÐ 17 ÁRA SÖGU

Aðkoma Arnar og Bjarna að fyrirtækinu á sér ekki ýkja langa sögu, en Örn segir þann möguleika hafa fyrst verið skoðaðan í alvöru fyrir um tveimur mánuðum. „Það er alveg ljóst að þetta er ekki stökk sem ég tek umhugsunarlaust, enda hefur verið spennandi og skemmtilegt að koma að stofnun nýs banka," segir hann og árettar að brott-hvarf hans frá Sögu Capital sé vinsamlegt með öllu og kunnir hann fólki þar bestu þakkir fyrir samstarfið. „Ég er hins vegar búinn að starfa lengi í fjármála-geiranum og stóðst ekki mátið að breyta til þegar upp kom tækifæri til þátttöku í uppbyggingu og frekari útrás upplýsingatæknifyrirtækis úr minni heimabyggð," segir Örn.

Tölvuþjónustan SecurStore á sér nokkuð langa sögu og er líkast til vel yfir meðalaldri

upplýsingatæknifyrirtækja hér, en fyrirtækið var stofnað 30. nóvember 1991. „Og alltaf á sömu kennitölu," gantast Alexander Eiríksson, einn stofnenda þess. Hann gegndi áður starfi framkvæmdastjóra, en verður nú sölu- og markaðsstjóri. Bróðir hans og meðstofnandi, Eiríkur Eiríksson, verður fjármála- og rekstrarstjóri. Auk þeirra bræðra, sem fara með 45 prósentu eignarhlut, á Jón Ingi Þórðarson, tæknistjóri fyrirtækisins, í því fimm prósentu hlut.

Umsvif Tölvuþjónustunnar smájukust frá stofnun, en framan af sinnti fyrirtækið hefðbundinni upplýsingatæknipjónustu. Þá stofnaði það líka netþjónustuna Aknet, sem síðar var seld til Vodafone.

ÞJÓNUSTA 150

BRESK FYRIRTÆKI

Afritunarþjónusta fyrirtækisins byggir hins vegar á kanadískri hugbúnaðarlausn sem Alexander og Eiríkur kynntu sér árið 2004, eftir að hafa áttað sig á að sóknarfæri kynnu að vera í öryggisafritun á netinu. „Helsti keppnautur okkar er þessi hefðbundna segulbandsafritunartaka," segir Alexander. Eiríkur bætir við að hjá fyrirtækinu hafi þeir strax áttað sig á þeim möguleikum sem fælust í því að bjóða þessa afritunarlausn víðar en á Íslandi. Því hafi verið ákveðið að markaðssetja hana undir eigin vörumerki sem tækt yrði á alþjóðavísu og þar með var SecurStore fætt. „Við byrjuðum á því að keyra þessa lausn hér heima og síðan óx þessu fiskur um hrygg. Við tókum að selja hana til íslenskra fyrirtækja og eru þau orðin þó nokkuð mörg talsins hjá okkur í dag," segir Alexander, en árið 2006 var svo farið að huga að útrás SecurStore og varð Bretland fyrir valinu. „Þar er þetta sett á laggirnar vorið 2006 og við með skrifstofu og starfsmann í fullu starfi." Viðtökur í Bretlandi segja þeir bræður að hafi verið svipaðar og hér, fyrirtæki taki lausninni fagnandi og vöxtur hafi verið hraður, þrátt fyrir að ekki hafi mikið verið lagt í kynningu og að útrásin verið byggð frá grunni, en ekki ráðist í fyrir-

tækjakaup. „Í dag eru um það bil 150 bresk fyrirtæki í viðskiptum við okkur," segir Alexander. Að auki er fyrirtækið í samstarfi við allnokkurn hóp upplýsingatæknifyrirtækja um endursölu á SecurStore-afritunarlausninni.

HÖFUÐÁHERSLA Á ÖRYGGI GAGNA

„Á þessum grunni viljum við svo byggja enda eru mikil tækifæri erlendis á þessum markaði," segir Eiríkur. Önnur upplýsingatæknifyrirtæki voru tekin að sýna því áhuga að kaupa SecurStore og sáu möguleikana sem í því fólust að efla starfsemi. Stofnendur fyrirtækisins vildu hins vegar ekki selja það frá sér og kusu fremur að kalla til samstarfs menn sem öllum hnútum væru kunnugir við uppbyggingu fyrirtækja á erlendri grundu og gætu aðstoðað við að breyta SecurStore úr tiltölulega smá frumkvöðla- og fjölskyldufyrirtæki í stórfyrirtæki á alþjóðlega vísu. Örn segir möguleika fyrirtækisins mikla og segir stefnt á að viðhalda og efla vöxt þess, sem verið hefur 100 prósent á ári í Bretlandi.

Forsvarsmenn SecurStore segja bjóða yfirburðarþjónustu þegar kemur að öryggisafritun gagna og segja lausn fyrirtækisins henta afar vel stórum fyrirtækjum sem tryggja þurfi mikið gagnamagn. Öll afrit eru dulkóðuð og þannig búið að fyrirbyggja allan mögulegan upplýsingaleka, en mikil áhersla er lögð á öryggismál. Þannig hefur SecurStore fengið alþjóðlega öryggisvottun á starfsemi sína á Íslandi og í Bretlandi samkvæmt staðlinum ISO 27001. „Áherslan er á gæði á öllum sviðum," segir Eiríkur og bendir á að kanadískri hugbúnaðurrinn í bakenda lausnarinnar, sem heitir Asigra, sé margverðlaunaður og þá notist fyrirtækið við vélbúnað frá Hitachi. Komi til jarðskjálftar, flóð og eldar eiga fyrirtæki afrit vís á öruggum stað hjá SecurStore, sem jafnvel getur keyrt upp tölvakerfi þeirra í sýndarumhverfi. Smærri tæknileg vandamál, svo sem stráumrof, er svo hægt að leysa á staðnum með afritum sem geymd eru á miðlurum innanhúss.

STAFIR
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársfundur

Ársfundur Stafa lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 22. maí nk. í Hvammi á Grand Hótel, Sigtúni 38, í Reykjavík og hefst kl. 14:00.

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf og atkvæðagreiðsla um tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.

Allir sjóðfélagar hafa rétt til setu á fundinum.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundum undir liðnum önnur mál, þurfa samkvæmt samþykktum að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

Blaðberinn minn kemur oft með mér í bíltúr



Pú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagð með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

DAGUR Í LÍFI ...

Jóns Karls Ólafssonar forstjóra JetX/Primera Air

07.00 Vakna um sjö. Viðurkenni að ég er meiri kvöldmaður en morgunmaður. Ég og sonur minn kíkjum á teiknimyndir og spjöllum til hálfátta. Dagurinn hefst varla fyrir en með fyrsta kaffibollanum. Ætlunin er að skjótast í ræktina sem fyrri daginn, en af því verður ekki að þessu sinni.

8.30 Mættur yfirleitt í vinnu 8.30, en þessi dagur hefst með nefndarfundum um fjármögnun og skipulag ferðapjónustu.

10.30 Ég hef verið að hitta starfsmenn á mínum nýja vinnustað til að spjalla um fyrirtækið og þær breytingar sem fram undan eru. Tek einn slíkan fund.

11.00 Fer yfir og svara tölvupósti – þarf að eyða um 2-3 tímum á dag í þá vinnu.

12.00 Hollustan er í fyrirrúmi hjá starfsmönnum JetX í hádeginu í Hlíðasmáranum. En ég og Palli, sölu- og markaðsstjóri, skjótumst í þetta sinn á Þrjá Frakka og snæðum þar plockfisk og ræðum um ýmis mál sem fram undan eru.

14.00 Samstæðan er nú að vinna í að fara yfir tölvu- og kerfismál – ræði við Daða sem er yfir tæknimálunum um hvað sé næst á dagskrá.

15.00 Kíki aftur á tölvupóstinn og svara því helsta.

16.00 Hitti Andra Má Ingólfsson, eiganda og stofnanda Primera Travel Group, á fundi og við skrifum undir nokkra samninga um flugsumarsins.

17.15 Kominn í skvassið með félögum mínu í Veggsporti við Gullinbrú. Höfum spilað tvisvar í viku í æði mörg ár – alltaf jafn gaman þótt hraðinn sé nú eitthvað farinn að minnka.

18.30 Kominn heim í kvöldmat, en samverustundin með fjölskyldunni er í styttra lagi því ég þarf að vera mættur á fund eftir klukkutíma. Ég og Vala eigum fjögur börn og erum nýlega orðin amma og afi.

19.30 Fundur með flugliðum um hvað fram undan sé. Starfsmenn hafa mikinn áhuga á fyrirtækinu og það er frábært að heyra skoðanir og hugmyndir allra.

23.00 Ég er ekki alltaf vinsæll hjá Völu þau kvöld þegar ég tek tölvuna með mér í rúmið. Það kemur fyrir þegar lítil tími hefur verið yfir daginn að sinna tölvupóstinum.

24.00 Kvöldmaðurinn ég hef tilhneigingu til að drolla lengur frameftir, en reyni þó að vera sofnður um miðnættið. Aðalmálið er að sofa vel og það er sem betur fer ekki vandamál – þegar ég loksins sofna.



ANNASAMUR DAGUR Of mikil kyrrseta við tölvuna gerir engum gott og því kíkir Jóns Karl Ólafsson í skvass með félögum í Veggsporti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FJALLAR UM FJÁRMÁL LANDANS Bjarni Haukur Þórsson fékk hugmyndina að einleiknum Hvers virði er ég? þegar hann var staddur í veislu með auðmönnum. Þar dregur hann upp skoplega mynd af íslenskum auðmönnum og venjulegum meðaljönum.

Virði fólks mælt í bílum

Í Salnum í Kópavogi var nýverið frumsýndur einleikurinn „Hvers virði er ég?“ eftir Bjarna Hauks Þórsson. Vala Georgsdóttir tók Bjarna tali en honum er sem fyrr leikstýrt af Spaugstofumanninum Sigurði Sigurjónssyni.

Bjarni Haukur Þórsson er hugsandi maður sem hefur hugsað upp hvern einleikinn á fætur öðrum. Í Hellisbúanum var viðfangsefni Bjarna Hauks samskipti kynjanna í ljósi breyttra kynjahlutverka. Í einleiknum Pabbinn tók hann fyrir föðurhlutverkið og sem fyrr var hann þar upptekinn af kynhlutverkum. Nú eru það fjármál landans sem þessi framtakssami leikari hefur tekið að sér að fjalla um og er afraksturinn einleikurinn „Hvers virði er ég?“.

„Góðar hugmyndir leynast víða,“ segir Bjarni Haukur, sem var staddur í veislu með auðmönnum þegar hugmyndin að einleiknum kviknaði. „Auðmaðurinn einn gekk að mér og spurði mig blákalt þeirrar spurningar: „Hvers virði ertu?“ Ég verð að játa að ég vissi bara ekkert um hvað maðurinn var að tala í fyrstu. Svo áttaði ég mig á við hvað hann átti, en það var hvert virði mitt væri í veraldlegu samhengi, eins og hversu marga bíla og hús ég ætti.“

Peningum fylgja oft sterkar tilfinningar eins og allir vita, enda eru fjármál einstaklinga dæmi um viðfangsefni sem er í eðli sínu viðkæmt. Í einleiknum Hvers virði er ég? dregur Bjarni Haukur upp skoplegar myndir af íslenskum auðmönnum og venjulegum meðaljönum.

Byr sparísjóður hafði áhuga fyrir að koma að

verkefninu með Bjarna Hauki sem aðalstyrktaradili, en aðkoma fjármálaframtækis að listviðburði eins og leiksýningu hefur vakið athygli. Algildur boðskapur fjármálastofnana og annarra sem láta sér annst um fjármuni er í raun einfaldur, en hann er sá að ekki sé gæfulegt að eyða um efni fram. Farsælast sé að gæta einhvers meðalhófs og fara sér ekki að voða í óhóflegri eyðslu með tilheyrandi græðgi. Og ekki er hægt að kaupa allt fyrir peninga.

„Þegar draumurinn er farinn að birtast í Lögbertingablaðinu, er þá ekki kominn tími til að vakna?“ segir Bjarni Haukur og vitnar í leiktexta og nefnir söguna um auðmanninn sem er hættur að halda upp á afmælið sitt. „Auðmaðurinn heldur bara veislur þegar hann fagnar nýjum sigrum í auðsöfnun, þegar hann er ríkari í dag en í gær.“

„Viðhorf fólks til peninga hefur einkum verið lítað af einhvers konar ótta,“ bendir Bjarni Haukur á. En með því að fjalla um fjármál einstaklinga eins og lagt er upp með í einleiknum „Hvers virði er ég?“ er verið að reyna að opna augu fólks fyrir eigin fjármálum. Átakið sem Byr sparísjóður hefur staðið fyrir frá áramótum hefur verið nefnt heilsuáttak í fjármálum. Fjárhagur fólks er órjúfanlegur hluti af heilsu og líðan einstaklinga enda getur það skipt sköpum að vera með viðhorfið í lagi þegar peningar eru annars vegar.

FRÍSTUNDIN HJÁ FINNI INGÓLFSSYNI FJÁRFESTI

Hestaferðir eru toppurinn

„Hestamennska og gönguferðir eru mín áhugamál,“ svarar Finnur Ingólfsson, fjárfestir með meiru, þegar hann er spurður út í hvað hann geri helst í sínum frístundum. „En hestaferð í góðum félagssskap er toppurinn,“ segir hann.

„Eftirminnilegasta hestaferðin sem ég hef farið í var ferð sem farin var frá Langanesi til Reykjaness árið 2004. Þetta var um 780 kílómetra löng ferð og farnir voru um fimmtíu kílómetrar að meðaltali á dag. Í löngum hestaferðum skiptir sköpum að hópurinn sé vel samstilltur,“ segir hann og bætir því við í léttu gríni til frekari skýringar „að mikilvægt sé að allir



HESTA FERÐIR TOPPURINN Finnur Ingólfsson segir vorið komið þegar fyrsta folaldid stígur á fætur.

ferðafélagarnir í hópnum séu skemmtilegir“.

„Heima í Vík í Mýrdal var ég mikið í hestum sem strákur,“ segir Finnur þegar hann er spurður um hvaðan brennandi áhuginn fyrir hestum sé kominn. „Þegar ég var í skólanum var lítil tími

fyrir hestana og má segja að ég hafi lagt hestamennskuna til hliðar á námsárunum. Þráðurinn var síðan tekinn upp að nýju árið 1996 og hefur hann ekki slitnað síðan. Yngsta dóttirin fékk þá brennandi áhuga fyrir hestunum, en þau eldri eru reyndar orðin áhugasamari um hestana í seinni tíð,“ segir hann.

„Þegar fyrsta folaldid er komið finnst mér alltaf eins og vorið sé komið,“ segir Finnur, sem er með jörð austur á Skeiðum þar sem hestarnir eru. Auk þess er hann með hesta í bænum ásamt fjórum vinum sem halda hesthús saman og skipta á milli sín verkum. „Það fylgir því mikil hvíld og afslöppun frá amstri



GÖNGUFERÐIR Í UPPÁHALDI Þrátt fyrir að Finnur Ingólfsson finnst gaman að fara um landið á hestum gengur hann líka mikið og fór eitt sinn ásamt eiginkonu sinni um Hornstrandir fimm ár í röð.

hversdagsins að vera í kringum hesta. Hestar eru gefandi

verur sem þurfa mikla athygli og sterka umsjón. Aðalatriðið er þó að hestamennskan er fyrst og fremst skemmtileg.“

Gönguferðir um landið eru á hinn bóginn áhugamál númer tvö. Finnur og eiginkona hans fóru á sínum tíma fimm ár í röð í gönguferðir um Hornstrandir. „Við höfum gengið á allar strandirnar á Vestfjörðum og einnig höfum við gengið nokkuð á Austfjörðum. Þegar gengið er um landið nær maður að skoða það mjög vel. En mest gaman er nú að ferðast á hestum,“ segir Finnur og nefnir að tengslin við náttúruna séu einfaldlega einstök í þeirri kyrrð sem getur skapast í samneyti við hrossin.



Ártúnsbrekka lokuð vegna mótmæla

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttirnar um aðgerðir vörubílstjóra. Hann er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir liðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is
...ég sá það á visir.is



BANKAHÓLFID

Baldur flottur á því

Baldur Guðnason hefur verið áberandi í íslensku viðskiptalífi á umliðnum árum, en lítið hefur þó farið fyrir honum eftir að hann hætti sem forstjóri Eimskipa fyrir skemmstu. Eins og fram kom í upphafi mánaðarins seldi Baldur Eimskipafélaginu bréf fyrir hálfan þriðja milljarð, en viðskiptin voru hluti af lokauppgjöri vegna starfsloka Baldurs hjá félaginu. Voru bréfin söluþryggð miðað við gengi á kaupdegi og þurfti Eimskip því að taka á sig tæplega 900 milljóna króna tap, en hlutabréf í Eimskip höfðu lækkað umtalsvert í millitíðinni, eins og margt annað á markaðnum. Vinir Baldurs hafa fengið að njóta þessa, því á dögnum tók forstjórinn fyrirverandi sig til og bauð 20-30 manna hópi í sannkallaða lúxusferð með einkaþotu á leik í ensku knattspyrnunni með öllu tilheyrandi.



Lending hvað?

Tuttugu ára verðbólguget, hæstu vextir meðal þróaðra ríkja og lánsfjárerfiðleikar er veruleiki sem blasir við íslensku atvinnulífi í dag, sem og heimilunum í landinu. Búast má við að mörgum hitni í hamsi við þær verðbætur sem bætast við lánheimilanna um næstu og þar næstu mánaðamót og engum dylst að góðærið hefur tekið enda og napur raunveruleikinn blasir við, heldur hráslagalegur. Í þannig ástandi er heldur hlálegt að helstu hagfræðingar þjóðarinnar skuli enn deila sín í millum um hvort lending íslensks hagkerfis teljist hörð eða vera snertilending. Af hverju nefnir enginn brotlendingu? Hverjum datt í hug að blanda flugmannamáli inn í þjóðhagfræðina sem hingað til hefur átt hugtök sem hæfa ástandinu hverju sinni?

Nú lágu Danir í því

Bréf í djásni dansks fjármála-lífs, Danske Bank, féllu nokkuð í verði í gær eftir ársfjórðungsuppgjör sem olli nokkrum vonbrigðum. Hagnaður bankans minnkaði um þriðjtu prósent frá sama tímabili í fyrra og var um tveir milljarðar danskra króna. Heildartekjur drögust verulega saman, en rekstrarkostnaður jókst hins verulega.

Á undanförunum árum hefur Danski bankinn, eins og kunnugt er, margoft lýst yfir miklum áhyggjum af íslensku bönkunum og stöðu þeirra, en í dönskum fjölmiðlum í gær mátti sjá vangaveltur um að ef til vill ætti bankinn að líta sér nær í þeim efnum.

2,1 milljarður franka er tap svissneska bankans Credit Suisse á fyrsta fjórðungi þessa árs. Tapið jafngildir 153 milljörðum íslenskra króna.

15 prósent er sá eignarhlutur sem Finnur Ingólfsson á ennþá í Icelandair Group í gegnum félagið Langflug.

232,8 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmír sautján milljarðar króna, er tap Century Aluminum á fyrsta ársfjórðungi 2008. Félagið er móðurfélag Norðuráls.

HONDA
The Power of Dreams

FARÐU ALLA LEIÐ Á FJÓRRHJÓLUM FRÁ HONDA

| | | | |
|--|---|---|--|
| <p>TRX 680FA 33 hestöfl / 675cc Sjálfvirk vökvaskipting Rafstart 4WD / 2WD Heildarþyngd 277kg Verð kr. 1.075.000</p> | <p>TRX 500FA 25,6 hestöfl / 475cc Sjálfvirk vökvaskipting Rafstart 4WD / 2WD Heildarþyngd 273kg Verð kr. 990.000</p> | <p>TRX 500FE 25,6 hestöfl / 475cc Rafskipting Rafstart 4WD / 2WD Heildarþyngd 273kg Verð kr. 825.000</p> | <p>TRX 500FM 25,6 hestöfl / 475cc 5 gíra beinskípting Rafstart 4WD / 2WD Heildarþyngd 270kg Verð kr. 780.000</p> |
| <p>TRX 420FM 24,5 hestöfl / 420cc 5 gíra beinskípting Rafstart 4WD / 2WD Heildarþyngd 254kg Verð kr. 735.000</p> | <p>TRX 700XX 686cc 5 gíra beinskípting Rafstart Afturhjóladrif Heildarþyngd 230kg (með öllum vökvum) Væntanlegt</p> | <p>TRX 450ER 41 hestöfl / 450cc 5 gíra beinskípting Rafstart Afturhjóladrif Heildarþyngd 168kg Verð kr. 990.000</p> | <p>TRX 90EX 6,4 hestöfl / 86cc 4ra gíra beinskípting Rafstart Afturhjóladrif Heildarþyngd 114kg Verð kr. 440.000</p> |

Virðum íslenska náttúru og stundum ekki akstur utanvega. Foreldrar eru hvattir til að meta aldur, stærð, þroska og hæfileika barna sinna áður en þeir leyfa þeim að hjóla á fjórhjólum. Vertu ábyrgur einstaklingur, notaðu ávallt hjálm, hliðargleraugu og hliðarfátnað.

www.honda.is

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBODSADILAR: Bilver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Öflugt ráðgjafarfyrtæki í fremstu röð á Íslandi.
Hluti af tengsla- og þekkingarneti PwC International um heim allan.

Endurskoðun • Fyrirtækjaráðgjöf • Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Þjónustustöðvar: Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Keflavík

